



**SKOÐUN** Guðmundur Andri Thorsson veitir því fyrir sér hvað felst í nafni. **15**



**TÍMAMÓT** Leikkonan Guðlaug M. Bjarnadóttir heldur upp á sextugsafmælið í sólinni. **16**



**LÍFÍÐ** Þriðji undanúrslitabáttur Ísland Got Talent fór fram í gær. **30**



**SPORT** Knattspyrnulandsliðið fór í sigurför til Kasakstan um helgina. **26**

**LANDMARK**

FASTEIGNASALA

Landmark leiðir þig heim!

Sími 512 4900 landmark.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

30. mars 2015

75. tölublað 15. árgangur

Sími: 512 5000

MEST LESNA  
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI\*

FRÉTTIR



**Ólga í Eyjum**

Elliði Vignisson bæjarstjóri segir Vestmannaeyjabæ ætla að kanna lagalega stöðu sína vegna yfirtöku Landsbankans á Sparisjóði Vestmannaeyja. **2**

**Sótt gegn Hútum** Arababandalagið samþykkti í gær að Sádi-Arabía skyldi halda áfram loftárásum sínum í Jemen. **4**

**Ekki krukka í klukkuna** Icelandair segir seinkun klukkunnar á Íslandi leiða til aukins áhafnakostnaðar og gerbreyta flugáætlunum. **6**

**Borga milljarða en eignast ekkert** Hafnarfjarðarbær greiðir milljarða króna fyrir Áslandsskóla en eignast ekkert í honum. Bæjarstjórinn vill viðræður við eiganda bygginganna. **10**

**Forskot í bleikjunni** Forsvarsmenn Matorku segja fyrirtæki í bleikjueldi njóta samkeppnisforsksots með því að hafa keypt stöðvar á „hrakvirði“ út úr þrotabúum.

Framkvæmdastjóri Íslandsbleikju segir fullyrðingarnar ekki eiga við rök að styðjast. **10**



|                |     |     |    |
|----------------|-----|-----|----|
| Bolungarvík    | -3° | NNA | 7  |
| Akureyri       | -2° | NNA | 12 |
| Egilsstaðir    | -1° | NA  | 8  |
| Kirkjubæjarkl. | -2° | N   | 10 |
| Reykjavík      | -1° | NNV | 5  |

**BJART SYÐRA** Í dag verða víða 8-15 m/s en hægari V-til. Snjócoma eða él fyrir norðan og austan en bjartviðri S- og SV-til. Frost 0-6 stig. **4**

4 SÉRBLÖÐ

Fasteignir | Þáskar | Þáskakrimmi | Fólk



Í BREKKUNNI Fjöldi fólks nýtti góða veðrið og naut þess að renna sér í brekkum Bláfjalla um helgina. Stöku él slógu ekki á gleðina.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Ferðapjónustan þarf útlendinga til starfa

Ferðamannastraumi til Íslands verður ekki mætt öðruvísi en með erlendu vinnuafli. Störfum í ferðapjónustu fjölgaði um 58,7 prósent milli árána 2008 og 2014.

**FERÐAPJÓNUSTA** Fjölgun starfsmanna innan íslenskrar ferðapjónustu verður ekki mætt með innlendu vinnuafli. Fjöldi sérhæfðs starfsfólks er í engu samræmi við ferðamannastrauminn til landsins.

„Það er ljóst í mínum huga að ef gestum fjölga áfram eins og spár segja til um, sem allt bendir til, þá þarf að fara að flytja inn töluvert af vinnuafli til að mæta þessu. Eins og staðan er í dag búum við ekki yfir nægjanlegum fjölda með færni til að mæta fjölda gesta og tryggja gæði þjónustu,“ segir Edward H. Huijbens, prófessor við Háskólann á Akureyri og sérfræðingur við Rannsóknamiðstöð ferðamála.

Tölur Hagstofunnar sýna að samtals fjölgaði starfandi hjá gisti- stöðum, veitingastöðum, flutningum með flugi, ferðaskrifstofum, ferðaskipuleggjendum og annarri bókuþjónustu úr 9.200 manns árið 2008 upp í 11.000 árið 2012 og 14.600 árið 2014.

Vísendingar eru um að vöxtur ferðapjónustunnar sé að baki nær allri fjölgun starfandi fólks á síðasta ári, og skýri 2.700 af 2.800 nýjum störfum sem urðu til.

Edward segir enga stefnu fyrir- liggjandi um menntun og stjórnun þjónustugæða í greininni, og úr því þurfi að bæta með hraði. Til að mæta ferðamannastraumnum með

„Eins og staðan er í dag búum við ekki yfir nægjanlegum fjölda með færni til að mæta fjölda gesta og tryggja gæði þjónustu“

Edward H. Huijbens, prófessor við HA

innlendu vinnuafli þurfi tilfærslur milli greina, og að beina ungu fólki í ferðamála skóla.

- sh / sjá síðu 4



GÁTTAÐAR Tómhentar frá Auðkenni.

Einkennilegir skilmálar:

## Yngra foreldrið ekki tekið gilt

**SAMFÉLAG** „Við hálfvorkendum henni að þurfa að segja okkur þetta,“ segir Erna Agnarsdóttir sem vísað var frá fyrirtækinu Auðkenni er hún hugðist aðstoða 17 ára dóttur sína við að fá rafræn skilríki.

Erna og dóttir hennar, Birna María Másdóttir, fóru tómhentar frá Auðkenni því Erna þótti ekki fullnægjandi forráðamaður þar sem hún er yngra foreldri Birnu.

Að sögn Auðkennis er um að ræða galla í kerfinu hjá þeim. „Okkur þykir þetta afskaplega leitt og hörmum að mæðgurnar hafi þurft að fara í fýlufærð,“ segir í svari frá Auðkenni.

- fbj / sjá síðu 6

# Netið hjá Nova

Fyrir heimilið, bústaðinn og fólk á ferðinni

Mánaðarleg afborgun greidd með kreditkort + 325 kr./mán. greiðslugjald. Nánari upplýsingar á Nova.is.

4G box fyrir heimilið og bústaðinn

1.890 kr. á mánuði í 12 mánuði  
12.790 kr. staðgreitt



Stærsti skemmtistaður i heimi!

NOVA



## SPURNING DAGSINS



Guðbjörg, gengur illa að berja þetta í fólk?

„Já, það gengur illa að berja fólk, það virðist ekki gera sér grein fyrir afleiðingunum.“

Guðbjörg Ludvígsdóttir, læknir á endurhæfingardeild Grensá, er andvíg því að rýmka heimildir til að stunda bardagafróttir hér á landi.

Reykjagarður kallar inn kjúklinga úr nýlegri slátrun vegna gruns um smit:

## Grunur um salmonellusmit

**LANDBÚNAÐUR** Í reglubundnu eftirliti með salmonellu í kjúklingaslátrun liggur fyrir rökstuddur grunur um að salmonella hafi greinst í einum kjúklingahópi Reykjagarðs.

Umræddur kjúklingahópur var rannsakaður áður en honum var slátrað án þess að salmonella hafi fundist. Sýnin eru enn í greiningu hjá Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum og verða send til staðfestingar á sýkladeild Landspítalans. Endanleg staðfesting mun væntanlega liggja fyrir í næstu viku.

Reykjagarður hefur nú þegar hafið innköllun afurða með rekjanleikanúmerið 001-15-08-1-01. Neytendur sem hafa keypt kjúklinga með þessu rekjanleikanúmeri eru beðnir að skila vörinni þangað sem hún var keypt eða til Reykjagarðs á Fosshálsi 1, 110 Reykjavík.

Tekið skal fram að ef áprentuðum leiðbeiningum á umbúðum um eldun er fylgt, er ekki talin hætta á að fólk smitist af salmonellu ef kjarnhiti nær 72°C.

- kbg



**SÝNIN ENN Í GREININGU** Sýnin eru enn í greiningu hjá Tilraunastöð Háskóla Íslands.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARALDUR

Bylting í barneignum:

## Losa fóstur við erfðasjúkdóma

**BRETLAND** Læknum í London tókst með kjarnsýrugreiningu að einangra litninga sem valda vöðvavíðni.

DNA-strok var tekið af tilvonandi móður með erfðasjúkdóm og gallinn í erfðalyklinum fundinn. Þá var farið í hefðbundna glasfrjóvgunarmedferð, þar sem tekið var lífsýni af fósturvísunum til að komast að því hverjir þeirra væru laus við sjúkdóminn.

Sonur konunnar er nú orðinn þriggja mánaða og hraustur, laus við vöðvavíðni.

- ie



**LIST** Stjórn húsfélagsins gaf leyfi fyrir listaverkinu til eins árs.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Nýtt listaverk gleður eiganda þakfúðar við Vatnssstíg:

## Ljósastaur á svölunum á 17. hæð

**MENNING** Tæplega fimm metra hár ljósastaur skreytir nú svalir íbúðar á sautjándu hæð við Vatnssstíg 18. Ljósastaurinn er hluti af listaverki eftir Kristín E. Hrafnsson og er leyfi borgarinnar fyrir því tímabundið fram til 15. september.

Leyfi frá húsfélaginu til bráðabirgða í eitt ár fylgdi umsókn eiganda íbúðarinnar, Sigurðar Gísla Pálmasonar. Að ári liðnu á að skoða „hvort einhver óæskileg áhrif hafi komið í ljós“.

- ibs

Frumvarp í þágu fanga:

## Fangar vinni sér inn bótarétt

**STJÓRN MÁL** Silja Dögg Gunnarsdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins, hefur ásamt fleiri þingmönnum lagt fram frumvarp til breytinga á atvinnuleysis-tryggingum. Lagt er til að ef fangi hefur stundað nám, vinnu eða starfsþjálfun til samræmis við lög um fullnustu refsinga, þá teljist hann tryggður samkvæmt atvinnuleysisstryggingalögum.


„Við erum sannfærð um að þessi lagabreyting myndi fækka endurkomum í fangelsi landsins og það hlýtur að vera samfélagslegt markmið í sjálfu sér,“ segir Silja Dögg.

- kbg

Rauða hrafnsfjöðrin veitt:

## Forvitnilegasta kynlíflýsingin

**BÓKMENNTIR** Rauða hrafnsfjöðrin, verðlaun fyrir forvitnilegustu kynlíflýsingu ársins í íslenskum skáldverkum, féll í skaut Soffíu Bjarnadóttur fyrir bókina Segulskekka.



**SOFFÍA BJARNADÓTTIR**

Verðlaunin voru veitt í níunda sinn á aðalfundi Lestrarfélagsins Krumma á laugardagskvöld.

Alls voru tilnefningarnar sextalsins, í fyrra hlaut Sjón verðlaunin fyrir bókina Mánastein.

- gló

# Bæjarstjóri ósáttur með framgöngu FME

Sparisjóður Vestmannaeyja fékk aðeins fjögurra daga frest til þess að skila endurskoðuðum ársreikningi. Elliði Vignisson, bæjarstjóri Vestmannaeyja, furðar sig á flýtinum og segir að meðalhófs hafi ekki verið gætt hjá Fjármálaeftirlitinu.

**VESTMANNAEYJAR** Elliði Vignisson gagnrýnir framgöngu Fjármálaeftirlitsins en í gær yfirtók Landsbankinn allar eignir og skuldbindingar Sparisjóðs Vestmannaeyja, þar með talið útlán og innlán viðskiptavina.

Sjóðurinn hafði óskað eftir fresti til að skila Fjármálaeftirlitinu endurskoðuðum ársreikningi fyrir 2014 og upplýsti þá um fyrirsjáanlega mikla verðyrnun á útlánasafni sparisjóðsins sem gæti leitt til þess að eigið fé hans yrði uppuríð.

Fjármálaeftirlitið sendi sjóðnum bréf 22. mars og veitti fjögurra daga frest til að skila stofnuninni endurskoðuðum ársreikningi fyrir 2014 og einum degi lengur til að skila inn ítarlegri greinargerð þar sem fram kæmi til hvaða ráðstafana stjórn sparisjóðsins hygðist grípa til að koma eiginfjárgrunni sjóðsins í lögbindið horf.

„Það voru engir þjóðhagslegir hagsmunir í húfi. Mér þykir mjög margt skrytið í framgöngu Fjármálaeftirlitsins, aðeins örfáir dagar voru gefnir í frest en það er kveðið á um það í lögum að fresturinn geti verið allt að sex mánuðir. Þar sem ríkið er einn aðaleigandi að sjóðnum hefði átt að gæta meðalhófs,“ segir Elliði.

Bæjarstjórinn segir málefni Sparisjóðsins verða rædd á næsta bæjarstjórnarfundinum á miðvikudag. Vestmannaeyjabær á tíu prósent hlut í Sparisjóði Vestmannaeyja og Elliði segir fulla ástæðu til þess að hann skoði lagalega stöðu sína gagnvart gjörningi Fjármálaeftirlitsins.

„Ólíkt öðrum eigendum spari-



**Í EYJUM** Sparisjóður Vestmannaeyja var stofnaður árið 1942.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

sjóðsins erum við stjórnvald. Okkur ber samkvæmt rannsóknarreglu að kynna okkur málið til hlítar og hljótum því að kanna lagalega stöðu okkar.“

Í ársreikningi sjóðsins sem var skilað til Fjármálaeftirlitsins þann 26. mars 2015 kom fram að eiginfjárgrunnur sjóðsins væri neikvæður um 87 milljónir króna og eiginfjárlutfall hans neikvætt um 1,1 prósent.

Fram kom í yfirlýsingu stjórnar sparisjóðsins og sparisjóðsstjóra og áritun endurskoðenda án álits að enn væri óvissa um endanlegt virði eignasafns sparisjóðsins og verulegur vafi um rekstrarhæfi hans.

Síðustu daga hafa innstæðueigendur í auknum mæli tekið út í reiðufé eða fært innlán sín í sparisjóðnum til annarra innlánsstofnana.

Þannig hefur hreint útflæði inn-



„Mér þykir mjög margt skrytið í framgöngu Fjármálaeftirlitsins, aðeins örfáir dagar

voru gefnir í frest en það er kveðið á um það í lögum að fresturinn geti verið allt að sex mánuðir.

Elliði Vignisson, bæjarstjóri Vestmannaeyja.

stæðna sjóðsins rýrt laust fé hans um helming á tímabilinu og sjóðnum ekki tekist að tryggja aðgang að nægu lausu fé til að mæta áframhaldandi útflæði í sama mæli.

kristjanabjorg@frettabladid.is

**Frábært verð!**

Verð frá 2.990.000 kr.

**Par sem ferðalagið byrjar**

Korputorg  
112 Reykjavík  
Sími 551 5600  
utilegumadurinn.is

**Útilegu maðurinn**  
SEGLAGERÐIN ÆGIR

Opíð mán-fös kl. 10-18 - lau-sun kl. 12-16

Ljóðaupplestur og kertaflýting á minningarathöfn um afganska konu:

## Krafan réttlæti fyrir Farkhundu

**REYKJAVÍK** Minningarathöfn um Farkhundu, 27 ára gamlan kennaranema, sem var myrt á hrottalegan hátt af stórum hópi manna í Kabúl 19. mars síðastliðinn, var haldin í gær í Ráðhúsi Reykjavíkur.

Farkhunda var myrt af trúarofstækismönnum fyrir rangar sakir. Hefur morðið vakið sterk viðbrögð í Afganistan og um allan heim.

Í Kabúl brugðu konur á það ráð að bera kistu Farkhundu til grafar og neita karlmönnum um að snerta hana þvert á hefðir Afgana sem leyfa konum að jafnaði ekki að taka þátt í jarðarförum. Á þriðjudaginn var gengu þúsundir saman í Kabúl til þess að krefjast réttlætis fyrir Farkhundu.

Í Ráðhúsi Reykjavíkur mættu gestir með útprentaðar myndir af Farkhundu. Fatima Hussaini las ljóð til minningar um Farkhundu og Þórhildur Sunna Ævarsdóttir hélt stutta tölu. Gestir rituðu nöfn sín á undirskriftarlista til þess að hvetja afgönsk stjórnvöld til þess að taka harðar á ofbeldi gegn konum í Afganistan og tryggja réttlæti fyrir Farkhundu. Í lok athafnanna var kertum flýtt á Reykjavíkurtjörn í minningu Farkhundu.

Minningarathafnir og kröfugöngur hafa verið



**MINNINGARATHÖFN** Víða um heim hafa verið haldnar minningarathafnir um Farkhundu og nú í Reykjavík.

farnar víða annars staðar í heiminum undir yfirskriftinni Réttlæti fyrir Farkhundu. Þá hafa notendur Facebook og Twitter birt greinar og myndir og skipulagt viðburði henni til heiðurs undir kassamerkinu #JusticeForFarkhunda.

- kbg





**SUBARU**

Confidence in Motion

# NÝR SUBARU ER ÖRUGGUR VALKOSTUR



**Subaru XV BOXER**, bensín, sjálfskiptur  
Verð 5.090.000 kr.  
Eyðsla 6,6 l/100 km\*

## SUBARU FORESTER



**Forester PREMIUM BOXER**, dísil, sjálfskiptur  
Verð 6.090.000 kr.  
Eyðsla 6,0 l/100 km\*

## SUBARU OUTBACK



**Outback PREMIUM BOXER**, sjálfskiptur  
Með öryggismyndavélum  
Verð 6.290.000 kr.  
Eyðsla 6,0 l/100 km\*

## SUBARU ER EINN ÖRUGGASTI BÍLL SEM ÞÚ GETUR KEYPT

**Rekstraröryggi** og gott endursöluverð er það sem allir þekkja og kemur fyrst upp í hugann. Lágur þyngdarpunktur, þverliggjandi BOXER vél og síteingt fjórhjóladrif með tölvustýrðri stöðugleikastýringu er lykillinn að akstursöryggi. Allir Subaru eru með 5 stjörnur í árekstrarprófunum EuroNCAP.

GE bílar  
Reykjanesbæ  
www.gebilar.is  
420 0400

Bílasalan Bílás  
Akranesi  
www.bilas.is  
431 2622

Bílasala Akureyrar  
Akureyri  
www.bilak.is  
461 2533

Bílaverkstaði Austurlands  
Egilsstöðum  
www.bva.is  
470 5070

IB ehf.  
Selfossi  
www.ib.is  
480 8080

**BL ehf**  
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / www.bl.is





SVONA ERUM VIÐ



**4 gráða hækkun gæti orðið á hitastigi á jörðinni á hundrað árum**

gangi yftrasta spá Vísindanefndar um loftslagsbreytingar eftir. Nefndin spár að hækkunin verði bilun 1,8 til 4,0°C.

Heimild: Umhverfisstofnun.

# Arababandalagið samþykkir framhald lofthernaðar Sádi-Arabíu í Jemen: Sáðar herða sókn gegn Hútum

**ERLENT** Arababandalagið samþykkti í gær að Sádi-Arabía skyldi halda áfram loftárásum sínum í Jemen. Sáðar og bandamenn þeirra hafa undanfarna daga varpað sprengjum á höfuðborgina Sanaa, með það að markmiði að lama varnir uppreisnarhreyfingar Húta.

Hútar, sem eru sjáa-múslimar, hafa farið með stjórn í Jemen síðan forseti landsins, Abd Rabbuh Mansour Hadi, hrökklaðist frá völdum í janúar. Hadi hefur í framhaldinu sakað

Íran um að standa á bak við uppreisnina.

Fjölmeir lönd hafa lokað sendiráðum í Jemen og kallað sendiherra sína heim eftir valdarán Húta. Þá var bandarískt herlið sem hefur barist árum saman við Al Kaída í landinu kallað heim í þessum mánuði.

**STRENGJABRÚÐUR** Abd Rabbuh Mansour Hadi kallaði Húta strengjabrúður Írans um helgina.

MYNDI/AP



## Íþróttafélag vill afskrifa: Skulda bænum átján milljónir

**HAFNARFJÖRÐUR** FH skuldar Hafnarfjarðarbæ 18 milljónir króna í gatnagerðargjöld frá því Risinn, knattspyrnuhús félagsins, var byggt.

Félagið vill að skuldin verði afskrifuð. Þetta kemur fram í bréfi Viðars Halldórssonar, formanns FH, til Hafnarfjarðar. Bréfið var rætt í bæjarráði sem vill frekari upplýsingar um málið. Forsvarsmenn FH segjast hafa fengið loforð um að félagið þyrfti ekki að greiða skuldina. - sa



**MIKIL FJÖLGUN** Tilkoma Hörpu skílar sér í meiri ásókn í tónleika.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARALDUR

## 79 þúsund gestir árið 2014: Fjórðungur á síföngun á tónleika

**SAMFÉLAG** 79 þúsund gestir sóttu tónleika Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands á síðasta ári.

Það jafngildir því að um fjórðungur landsmanna hafi sótt tónleika á tónleika Sinfóníuhljómsveitar Íslands um 76.500 manns á móti ríflega 2.600 gestum á tónleika Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands. Hagstofa Íslands telur fjölda áheyrenda á innlenda tónleika Sinfóníuhljómsveitar Íslands vafalaust skýrast að miklu leyti af tilkomu tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu.

- kb

## Valdsvið í hafnarstjórn: Mátti áminna starfsmanninn

**HAFNARFJÖRÐUR** Formanni hafnarstjórnar Hafnarfjarðarkaupstaðar var heimilt að áminna starfsmann Hafnarfjarðarhafnar vegna brots í starfi. Yfirmaður starfsmannsins, hafnarstjóri, hafði neitað að framkvæma þá ákvörðun stjórnar að áminna starfsmanninn.

Þetta er mat lögmanns Sambands íslenskra sveitarfélaga, Sólveigar Gunnarsdóttur, sem kemur fram í minnisblaði hennar um heimildir stjórnarformanns til athafna í starfsmannamálum hafnarinnar.

Var uppi ágreiningur um hvort áminningarferli bæjarins væri í anda laga um vinnurétt.

- sa

# Sækja þarf vinnuafli að utan

Íslenskt vinnuafli hrekkur ekki til að manna öll þau störf sem skapast með fyrirsjáanlegri fjölgun ferðamanna. Störfum í ferðaþjónustu fjölgaði um 58,7% milli 2008 og 2014. Fjölga þarf sérmenntuðu fólki í greininni.

**FERÐAÞJÓNUSTA** Fyrirsjáanlegri þörf á fjölgun starfsmanna innan íslenskrar ferðaþjónustu verður ekki mætt öðruvísi en með því að flytja inn erlent vinnuafli. Fjöldi sérhæfðs starfsfólks er í engu samræmi við ferðamannastrauminn til landsins, hvað þá að hann uppfylli kröfur ef spár um fjölgun ganga eftir.

„Það er ljóst í mínum huga að ef gestum fjölgar áfram eins og spár segja til um, sem allt bendir til, þá þarf að fara að flytja inn töluvert af vinnuafli til að mæta þessu. Eins og staðan er í dag búum við ekki yfir nægjanlegum fjölda með færni til að mæta fjölda gesta og tryggja gæði þjónustu,“ segir Edward H. Huijbens, prófessor við Háskólann á Akureyri og sérfræðingur við Rannsóknamiðstöð ferðamála.

Ný greining Landsbankans sýnir þróunina svart á hvítu. Þar er vitnað til talna Hagstofunnar en samtals fjölgaði starfandi hjá gististöðum, veitingastöðum, flutningum með flugi, ferðaskrifstofum, ferðaskipuleggjendum og annarri bókuþjónustu úr 9.200 manns árið 2008 upp í 11.000 árið 2012 og 14.600 árið 2014.

Í greiningu Ólafs Más Sigurðssonar, sérfræðings hjá Hagstofu Íslands, sem unnin var að beiðni Morgunblaðsins nýlega, kemur fram að fólki sem starfar við ferðaþjónustu og tengdar greinar fjölgaði um 2.700 árið 2014. Í heild sinni fjölgaði starfandi fólki um 2.800 á tímabilinu. Þannig eru vísendingar um að vöxtur ferðaþjónustunnar sé að baki nær allri fjölgun starfandi fólks á síðasta ári.

Nánar spurður um sérhæft starfsfólk innan ferðaþjónustunnar segir Edward enga stefnu fyrirleggjandi er varðar menntun og stjórnun þjónustugæða í greininni, og úr því þurfi að bæta með hraði. Til að mæta ferðamanna-



**GESTIR** Hugsa þarf fyrir því hvernig á að manna þúsundir starfa sem fylgja sífældri fjölgun ferðamanna.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Helmingi fleiri ferðamenn árið 2021

Gústaf Steingrímsson, hagfræðingur í hagfræðideild Landsbankans, gerði grein fyrir nýrri greiningu um ferðaþjónustuna í landinu á ráðstefnu bankans um ferðaþjónustuna í vikunni. Með gestum af farþegaskipum losaði fjöldi ferðamanna milljónina árið 2014, en Landsbankinn spár að þeir verði 1.170 þúsund á þessu ári, 1.340 þúsund árið 2016 og 1.450 þúsund árið 2017.

Forsendur bankans um þróun árunna á eftir gera ráð fyrir að innan sjö ára losi ferðamenn hérlendis tvær milljónir.

straumnum með innlendu vinnuafli þurfi tilfærslur milli greina, og að beina ungu fólki í ferðamála-skóla - bæði í starfstengt nám og ferðamálafræði.

Þegar eru erlendir starfsmenn algengir innan raða starfsmanna íslenskrar ferðaþjónustu. Strax

árið 2008 sýndi rannsókn sem var unnin innan félagsvísindasviðs Háskóla Íslands fyrir Vinnuálagstefnu að tæplega tvö af hverjum þremur fyrirtækjum í ferðaþjónustu höfðu þá erlent starfsfólk í vinnu.

svavar@frettabladid.is




„Það er ljóst í mínum huga að ef gestum fjölgar áfram eins og spár segja til um, sem allt bendir til, þá þarf að fara að flytja inn töluvert af vinnuafli til að mæta þessu.“

Edward H. Huijbens, prófessor við Háskólann á Akureyri.

## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi



Elísabet Margeisdóttir veðurfréttamaður

**SÍMAR AUGLÝSINGAÐEILDIR - AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson svanur@365.is **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Hjördis Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Hjalti Egilsson hjalti@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrir@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÖLK/LÍFID/SÉRBLÓÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Gunnhildur Geira Dan Þorláksdóttir geira@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Jónatan Atli Sveinsson jonatan@365.is, **FÖLK OG SÉRBLÓÐ EFNÍ:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarssdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hranar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnaru@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

**APPOLO LAKKRÍS PÁSKAEGG**

**NÝTT**

**Stofnað 1968**



**STANZAÐU  
 SEM SNÖGGVAST**  
 ókeypis ástandsskoðun  
**Í MARZ**



**Betri helminginn af mars er ókeypis ástandsskoðun á bremsum í boði viðurkenndra þjónustuaðila Toyota.**

Auk þess bjóðum við **20% afslátt\*** af bremsuklossum, bremsuborðum og bremsudiskum og gefum kost á laufletttri vaxtalausri greiðsludreifingu.\*\*

Stanzaðu sem snöggvast hjá viðurkenndum þjónustuaðilum Toyota 16.–31. mars og haltu óhikað áfram út í vorið.

**Engin vandamál - bara lausnir.**

|                               |                 |                |          |
|-------------------------------|-----------------|----------------|----------|
| Toyota Kaupúni                | Kaupúni 6       | Garðabæ        | 570 5070 |
| Toyota Akureyri               | Baldursnesi 1   | Akureyri       | 460 4300 |
| Toyota Selfossi               | Fossnesi 14     | Selfossi       | 480 8000 |
| Toyota Reykjanesbæ            | Njarðarbraut 17 | Reykjanesbæ    | 420 6610 |
| Arctic Trucks                 | Kletthálsi 3    | Reykjavík      | 540 4900 |
| Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur | Bæjarflöt 13    | Reykjavík      | 440 8000 |
| Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur | Skemmuvegi 16   | Kópavogi       | 440 8000 |
| Nethamar                      | Garðavegi 15    | Vestmannaeyjum | 481 1216 |
| Bílatangi                     | Suðurgötu 9     | Ísafirði       | 456 4580 |
| Bifreiðaverkstæði KS          | Hesteyri 2      | Sauðárkróki    | 455 4570 |
| Bílaleiga Húsavíkur           | Garðarsbraut 66 | Húsavík        | 464 1888 |
| Bílaverkstæði Austurlands     | Miðási 2        | Egilsstöðum    | 470 5070 |
| Bílageirinn                   | Grófinni 14a    | Reykjanesbæ    | 421 6901 |

\*Miðast við að ísetning fari fram hjá viðkomandi viðurkennda þjónustuaðila Toyota.

\*\*Sé greitt með korti er hægt að dreifa greiðslum – vaxtalaus – í allt að 9 afborganir. Korthafi ber 3,5% lántökukostnað.

Kynntu þér betur þjónustu okkar á [www.toyota.is](http://www.toyota.is)

Pantaðu tíma í dag.  
 Það er einfalt og fjótlegt.



## VEISTU SVARID?



1. Hve mikill var hagnaður Íbúðalána-sjóðs á síðasta ári?
2. Hver er forseti Nígeríu?
3. Hver er höfundur leikritsins Hystory sem frumsýnt var í Borgar-leikhúsinu í síðustu viku?

SVÖR

1. 3,4 milljarðar.
2. Goodluck Jonathan
3. Kristín Eiríksdóttir

Póst- og fjarskiptastofnun samþykkir jöfnunarframlag til Neyðarlínunnar:

## 112 fær tæpar sextíu milljónir

**STJÓRNSÝSLA** Neyðarlínan fær 58.980.000 krónur úr jöfnunarsjóði alþjónustu fyrir þetta ár, samkvæmt ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS).

Um er að ræða framlag vegna talsímabjónustu á sviði neyðarþjónustu og neyðarsímsvörunar sem Neyðarlínunni er skylt að veita. Að því er segir í ákvörðun PFS má ætla samkvæmt mælingum á nýtni neyðarborða og öryggisborða 112 að 22,4 prósent af þjónustu félagsins falli undir alþjónustukvöð. - óka



## SLYSAÆFING

Í ákvörðun PFS kemur fram að kostnaður vegna 112 var 263,3 milljónir króna í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Enn er deilt í Ásahreppi: Ekki sátt um nýja ráðningu

**ÁSAHREPPUR** Ekki er eining í hreppsefnd Ásahrepps um ráðningu sveitarstjóra. Hreppsefnd hefur því frestað ráðningu sveitarstjóra til næstu áramóta. Nanna Jónsdóttir varaoddviti mun áfram sinna störfum sveitarstjóra til áramóta með sömu kjörum og Björgvin G. Sigurðsson hafði. Athygli vekur að Nanna samþykkti sjálf tillöguna ásamt hinum í meirihluta hreppsefndar. Minnihluti hreppsefndar er afar óánægður með málalokin. - sa

**UNDRAGÓÐ BLANDA**  
við **BÓLGUM** og **MEIÐSLUM!**

**20% AFSLÁTTUR**  
á flestum sölustöðum

Notað í árpúsundir í kínverskum og indverskum náttúrulækningum

Gott við bólgum, íþróttameiðslum og slæmu blóðflæði

Fæst í flestum apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum verslana.



## FÝLUFERÐ

Mæðgurnar Erna Agnarsdóttir og Birna María Másdóttir fengu ekki að sækja um rafræn skilríki þar sem Erna er yngri en faðir Birnu Maríu.

## Yngra foreldrið ekki fullgilt hjá Auðkenni

Móðir fékk ekki að sækja um rafræn skilríki hjá fyrirtækinu Auðkenni fyrir ólög-ráða dóttur sína þar sem eldri forráðamann þurfti til. Fyndið og vandræðalegt segir dóttirin. Auðkenni harmar atvikið og hyggst leiðrétta villu í kerfi sem veldur.

**SAMFÉLAG** Birna María Másdóttir, 17 ára nemandi í Verzlunarskólunum, og móðir hennar, Erna Agnarsdóttir, fóru tömhentar heim frá fyrirtækinu Auðkenni þar sem móðirin þótti ekki fullnægjandi forráðamaður því að hún er yngra foreldri Birnu.

Mæðgurnar mættu til að sækja um rafræn skilríki fyrir Birnu Maríu en var vísað frá þar sem hún var ekki í fylgd „eldri forráðamanns“, það er að segja þess foreldris sem eldra er.

„Okkur var vísað frá af því hún var ekki í fylgd eldri forráðamanns“, segir Erna í samtali við Fréttablaðið.

„Ég velti því fyrir mér hvort ég væri ekki orðin nógu gömul þó ég sé að verða 45 ára þegar mér var

sagt að eldri forráðamann þyrfti til að nálgast þetta fyrir hana,“ segir Erna í léttum dúr og bætir við að það muni jú heilum mánuði á henni og föður Birnu í aldri.

Birna María segir starfsmann Auðkennis sem tilkynnti þeim að þær myndu ekki fá afgreiðslu án eldri forráðamannsins hafa verið mjög vandræðalegan.

„Þetta var eiginlega bara myndið. Við hálf vorkennum henni að þurfa að segja okkur þetta. En ég hef aldrei heyrt svona lagað áður. Að það væri ekki hægt að taka mömmu gilda sem forráðamann bara af því hún er mánuði yngri en pabbi minn. En nú veit maður

hver það er sem raunverulega ræður á heimilinu,“ segir Birna María gamansöm.

Hún segir þær mæðgur þó hafa tekið gleði sína á ný þar sem þær gátu fengið rafræn skilríki í bankanum.

Ekki náðist í Harald Bjarnason, framkvæmdastjóra Auðkennis, en samkvæmt upplýsingum frá starfsmönnum fyrirtækisins sem höfðu heyrt af atvikinu er um að ræða galla í kerfinu hjá þeim sem tengist svokölluðu fjölskyldunúmeri í Þjóðskrá.

„Kerfið var því miður forritað svona til að byrja með. Það er verið að breyta þessu og verður vonandi komið í lag fyrir páska. Okkur þykir þetta afskaplega leitt og hörmum að mæðgurnar hafi þurft að fara í fýluferð,“ segir í svari Auðkennis til Fréttablaðsins. fanney@frettabladid.is

**FYRIRTÆKI TIL SÖLU**

**Falleg og vinsæl gjafavörverslun á Skólavörðustíg**  
Viltu eignast eina fallegustu gjafavörverslun miðborgarinnar á besta stað á Skólavörðustíg? Eigin innflutningur og góð umboð með vönduðum vörum. Tölurverður vörulager fylgir og frábær tími framundan. **Verð 17 m.**

**Rótgróin hverfissjoppa á frábærum stað í Reykjavík**  
Sami eigandi í 22 ár. Miklir möguleikar. **Verð 12,5 m.**

**Flottasta kventiskuverlun miðborgarinnar**  
Vandaðar vörur og hagkvæmar í innkaupum. Öflug netverslun fylgir, sem hefur vaxið mjög vel. Miklir möguleikar. **Verð 25 m.**

**Fiskbúð í fjölmennu hverfi**  
Nýlega endurnýjuð fiskbúð sem byggir gömlum grunni. **Verð 12 m.**

**Tælenskur veitingastaður**  
Frábær matur. Mikil take-away sala. Góður tækjakostur. **Verð 8,5 m.**

**Leigumiðlun**  
Þóknunartengd miðlun. Mikilli þróunarvinnu og undirbúningi lokið og miklir möguleikar á markaðsráðandi stöðu á sínu sviði. **Verð 9,5 m.**

**Fyrirtækjasalan**  
**SÚÐURVER**  
1987-2015 | Lækjartorgi 5  
516-0000 | fyrirtaeki.is | fyrirtaeki@fyrirtaeki.is  
Guðrún Hulda Ólafsdóttir, hdl. og löggiltur fyrirtækjasali

**Engin fyrirhöfn**

Dásamlegur á brauðið og hentugur fyrir heimilið

**25 sneiðar**

**TILBOÐ**

## Icelandair alfarið á mótí frumvarpi um seinkun klukkunnar á Íslandi: Dýrt og áætlanir myndu riðlast

**SAMFÉLAG** Sumartími tók gildi í Evrópu á laugardagsnótt og nú er tímamunurinn á milli Íslands og meginlands Evrópu tvær klukkustundir og ein klukkustund á milli Íslands og Bretlands.

Páll Valur Björnsson, þingmaður Bjartrar framtíðar, hefur ásamt þingmönnum allra flokka nema VG lagt fram þingsályktunartillögu um að breyta klukkunni á Íslandi – að henni verði seinkað um eina klukkustund. Þannig verði hægt að fækka myrkum morgnum til muna.

Páll Valur segist hafar þá tilfinningu að frumvarpið verði ekki tekið til efnislegrar umræðu á vörþingi.

„Það er mikill áhugi á þessu í samfélaginu en fæst ekki rætt á

þingi,“ segir Páll Valur sem vonast eftir efnislegri umræðu.

Nokkrir hafa lagt gegn fyrirhugaðri breytingu á klukkunni, þeirra á meðal Icelandair.

Í umsögn flugfélagsins um frumvarpið segir að nái þingsályktunartillagan fram að ganga muni afgreiðslutímar á flugleiðum félagsins milli Evrópu og Norðurlandameríku hér á landi líklega færast fram um eina klukkustund og þar með gerbreyta þeim flugáætlanum sem rekstur félagsins hefur snúist um síðustu áratugi.

Þetta muni leiða til aukins áhafnakostnaðar félagsins og þá gæti Icelandair misst rétt sem félagið hefur öðlast á sambærilegum afgreiðslutímum á erlendum flugvöllum.



**VILL EFNISLEGA UMRÆÐU** Páll Valur Björnsson hefur ekki trú á að frumvarp um breytta klukku á Íslandi nái í gegn fyrir sumarið. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

- kbg



**Aðeins í dag!**  
Pantaðu fyrir miðnætti.

# Páskaegg nr.9

fylgir öllum  
pöntunum  
yfir 10.000,-

### Loksins alvöru íslensk netverslun!

Við bjóðum tæplega 13.000 mismunandi vörur og stefnum að því að selja allt! Það ætti því að vera auðvelt að finna eitthvað sem hugurinn gírnist og fá í kaupbæti Freyju páskaegg númer 9.

**Að sjálfsögðu er heimsendingin frí!**

Páskaegg númer 9. 505 gr.



Bækur



Afþreying



Barnið og leikföng



Raftæki



Tölvur



Heimilið



Heilsa og útlit



Íþróttir og útivera



Föt og fylgihlutir



Ritföng

Öll tilboð eru birt með fyrirvara um breytingar og uppseldar vörur.

## Heimkaup.is er stærsta netverslun á Íslandi!

Heimkaup.is

**Öryggi - ekkert mál að skila eða skipta**

Augljós kostur við að versla við innlenda risavefverslun eins og Heimkaup.is er að ekkert mál er að skila eða skipta ef upp koma vandamál.

**Hægt að greiða við afhendingu**

Hjá okkur býðst þér einnig að greiða með peningum eða korti við afhendingu vörunnar. Öruggara verður það ekki.

**Frí heimsending samdægurs**

Pantanir sem berast fyrir kl. 17<sup>00</sup> eru afhentar heim að dyrum samdægurs á höfuðborgarsvæðinu – næsta dag á landsbyggðinni. Pantanir yfir 4.000,- sendar frítt.

Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / 5502700





# Netið h



**4G box**  
fyrir heimilið og bústaðinn

**1.890 kr.** á mánuði í 12 mánuði  
**12.790 kr.** staðgreitt



**4G hmeta**  
fyrir bílinn og fólk á ferðinni

**9.790 kr.** staðgreitt



**4G pungur**  
fyrir tölvuna

**6.790 kr.** staðgreitt

**5 GB**  
1.990 kr.

**15 GB**  
3.990 kr.

**50 GB**  
4.990 kr.

**100 GB**  
6.990 kr.

**250 GB**  
8.990 kr.

4G box: Verð miðast við 6 mánaða þjónustusamning í áskrift í 50, 100 og 250 GB netpökkum.  
4G hmeta og pungur: Verð miðast við 6 mánaða þjónustusamning í áskrift í öllum netpökkum.  
Netþjónusta Nova er einnig í boði í frelsi en þá er greitt hærra verð fyrir netbúnaðinn, sjá Nova.is.  
Mánaðarleg afborgun greidd með kreditkorti + 325 kr./mán. greiðslugjald. Nánari upplýsingar á Nova.is.

Verlanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri  
Þjónustuver 519 1919 | [www.nova.is](http://www.nova.is) | Facebook | Twitter



# Þjá Nova

Fyrir heimilið, bústaðinn og fólk á ferðinni

## Net, sími og sjónvarp hjá Nova!

Allur pakinn hjá Nova er ódýr, einfaldur og hljómar svona: 4G netþjónusta Nova kemur í stað ADSL og ljósnetts/ljósleiðara. Þú sleppir heimasíma og lætur farsímann duga, ekkert línugjald! Sjónvarpið er komið á netið og því er þetta allt sem þú þarft. Hnetan hentar vel í bílinn fyrir allt að 10 tæki samtímis. 4G boxið er tilvalið í bústaðinn og hægt er að tengja allt að 30 tæki samtímis. Ekki fara samt með boxið í heita pottinn.


Stærsti  
skemmtistaður  
í heimi!

NOVA



## Heilbrigðisþjónusta yfir landamæri í Evrópu:

Réttindi sjúklinga og áhrif á íslenskt heilbrigðiskerfi



Opinn fundur á vegum Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands í samstarfi við Evrópustofu

**ÞRIÐJUDAGINN 31. MARS KL. 9.00-10.30**  
Í FYRIRLESTRASAL ÞJÓÐMINJASAFNSINS

Tilskipun Evrópusambandsins um réttindi sjúklinga varðandi heilbrigðisþjónustu yfir landamæri er ætlað að auðvelda aðgang að öruggri heilbrigðisþjónustu og efla samstarf milli aðildarríkja sambandsins á þessu sviði. En hvernig hefur gengið að innleiða þessa tilskipun og hvað áhrif mun hún hafa fyrir Ísland?

### Ný tilskipun Evrópusambandsins: Geta sjúklingar nú valið í hvaða landi þeir nálgast heilbrigðisþjónustu?

John Rowan er yfirmaður teymis hjá Evrópusambandinu sem vinnur að innleiðingu tilskipunarinnar um heilbrigðisþjónustu yfir landamæri.



John Rowan

### Innleiðingin á Íslandi: Hvaða áhrif mun tilskipunin hafa á sjúklinga og íslenskt heilbrigðiskerfi?

Þórunn Oddný Steinsdóttir er lögfræðingur á skrifstofu heilbrigðisþjónustu í velferðarráðuneytinu.



Þórunn Oddný Steinsdóttir

Fundarstjóri: Gunnar Alexander Ólafsson, heilsuhagfræðingur.

Fundurinn fer fram á ensku. Allir velkomnir. Boðið verður upp á kaffiveitingar kl. 8:30-9:00.

www.ams.hi.is og www.evropustofa.is



SVARTSENGI Matorka mun nýta heitt affallsvatn frá orkuverinu í Svartsengi.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Telja Samherja hafa samkeppnisforskot

Forsvarsmenn Matorku telja fyrirtæki í bleikjueldi á Íslandi búa við samkeppnisforskot. Rekstraraðilar hafi keypt stöðvar á „hrakvirði“ út úr þrotabúum. Framkvæmdastjóri Íslandsbleikju segir fullyrðingarnar ekki eiga við rök að styðjast.

**SIJÁVARÚTVEGUR** Matorka telur Samherja hafa fengið forskot á samkeppnisaðila með því að hafa keypt fiskeldisstöðvar á hrakvirði út úr þrotabúum. Þetta kemur fram í minnisblaði Matorku sem lagt var fyrir Atvinnuveganefnd vegna málsins. Samherji vísar ásökunum Matorku til föðurhúanna.

„Það er miður að nafn Samherja skuli vera dregið inn í umræðuna á þann hátt sem forsvarsmenn Matorku gera í bréfi sínu til Atvinnuveganefndar Alþingis,“ segir Jón Kjartan Jónsson, framkvæmdastjóri Íslandsbleikju, sem er í eigu Samherja.

„Það að halda því fram að markaður sem er í dag um 6.000 tonn í heiminum geti tekið við þeim vexti sem nú er rætt um er ekki í neinu samræmi við þann veruleika sem við þekkjum,“ segir Jón.

Fram kemur í minnisblaði Matorku að flestar ef ekki allar landeldisstöðvar laxfiska hafi farið í gegn um gjaldprot og sumar oft. Vilja forsvarsmenn Matorku meina að afskriftir og kaup Samherja á fyrirtækjunum



ÁRNI PÁLL EINARSSON framkvæmdastjóri Matorku

á hrakvirði veiti framleiðendum forskot á þá sem byggja fiskeldisstöð frá grunni.

Ívilnunar-samningur Matorku og íslenska ríkisins hefur verið talinn samkeppnis-raskandi af þeim aðilum sem fyrir

eru á markaði. Forsvarsmenn Matorku spyrja sig hins vegar hvort kaup Samherja á þrotabúum „á hrakvirði“ sé ekki samkeppnis-röskun einnig.

„Við erum ekki að benda á eitt-hvert eitt fyrirtæki í þessu samhengi,“ segir Árni Páll Einarsson, framkvæmdastjóri Matorku. „Eldisíðnaðurinn á Íslandi er byggður upp á gömlum stöðvum og keyptur út úr þrotabúum á lágu verði og við vekjum máls á muninum á því og að byggja upp stöð frá grunni.“

Jón Kjartan segir ekki rétt að stöðvar hafi verið keyptar á hrakvirði út úr þrotabúum.

„Það að halda því fram að markaður sem er í dag um 6.000 tonn í heiminum geti tekið við þeim vexti sem nú er rætt um er ekki í neinu samræmi við þann veruleika sem við þekkjum.“

Jón Kjartan Jónsson, framkvæmdastjóri Íslandsbleikju.

„Allar stöðvar sem eru í eigu félagsins hafa verið keyptar í fullum rekstri á markaðsverði af einstaklingum sem höfðu verið eigendur þeirra frá stofnun eða til nokkurra ára,“ segir Jón.

Forsvarsmenn Matorku ætla sér að framleiða um 3.000 tonn á ári. „Til að auka sölu á bleikju þarf að auka framleiðslugetuna á markaðnum, það liggur í hlutarins eðli. Það mun skila sér í auknum gjaldeyrstekjum og fleiri störfum á landinu og leiðir aðeins gott af sér,“ segir Árni Páll.

sveinn@frettabladid.is

Ábendingahnappinn má finna á [www.barnaheill.is](http://www.barnaheill.is)



SAFT



Genuine Parts®



**20% AFSLÁTTUR**  
BREMSUVÖRUR OG BREMSUVINNA VIÐ HEKLUBÍLA

## BREMSAÐU AF ÖRYGGI

Renndu við hjá HEKLU við Laugaveg og við skiptum um bremsuklossa/bremsudiska á meðan þú bíður.

Hjá HEKLU er óþarfi að panta tíma fyrir smærri viðgerðir. Ef þú vilt ekki bíða skilur þú bílinn eftir hjá okkur og við skutlum þér þangað sem þú vilt fara – og sækjum þig aftur!



Laugavegi 170-174 · Sími 590 5000 · hekla.is



Bæjarstjóri Hafnarfjarðar vill viðræður við FM hús:

## Borga stórfé en eiga ekkert í Áslandsskóla

**FJÁRMÁL** Haraldur L. Haraldsson, bæjarstjóri Hafnarfjarðar, freistar þess nú að endursema við fyrirtækið sem á og rekur Áslandsskóla á kostnað bæjarins.

„Eignarhaldsfélagið Fasteign og þeir samningar sem þar voru gerðir eru mestu mistök sem gerð voru hjá sveitarfélögunum,“ segir Haraldur.

Áslandsskóli er alfarið í einkaeign en það fyrirkomulag má rekja til samnings frá 16. mars 2000 milli Hafnarfjarðarbæjar og FM húsa ehf. um svokallaða einkaframkvæmd. Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn fóru með meirihluta í bæjarstjórn á þessum tíma. Samkvæmt samningnum skyldi FM hús annast byggingu og rekstur Áslandsskóla í 27 ár.

Þegar upp verður staðið verður Hafnarfjarðarbær búinn að greiða FM húsum ehf. samtals 6 milljarða króna fyrir leigu á húsnæði og rekstur skólans á samningstímanum. Byggingarkostnaður með húsgögnum og búnaði, uppreiknaður



HARALDUR L. HARALDSSON Freistar þess að endursema um Áslandsskóla.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÞJETUR

með hliðsjón af vísitölu neysluverðs, er 2,2 milljarðar króna.

„Á samningstímanum munu skattgreiðendur í Hafnarfirði hafa greitt upp allan kostnað við byggingu og rekstur þessarar fasteignar og þar með talinn fjármagnskostnað. Án þess að eignast krónu í eigninni að samningstíma loknum,“ segir Gunnar Axel Axelsson bæjarfulltrúi fyrir Samfylkinguna í Hafnarfirði.

- þþ



# HAFÐU ÞAÐ GOTT UM PÁSKANA

Þarf ekki  
að sjóða!  
Aðeins 90 mín.  
í ofni!

HAGKAUP  
MERKIÐ  
TRYGGIR  
GÆÐIN

*Salt  
minni!*

HAGKAUP  
HAMBORGAR-  
HRYGGUR

SÉRVALINN ÚR HÁGÆÐA HRÁEFNI

SALT  
MINNI

**Hagkaups Hamborgarhryggur**  
Sérvalinn af fagmönnum úr hágæða hráefni.

**1.998** kr/kg

HAGKAUP  
MERKIÐ  
TRYGGIR  
GÆÐIN

**2.879** kr/kg  
verð áður 3.599

HAGKAUP  
FYLLT HÁTÍÐALÆRI  
MEÐ FRÖNSKUM CAMEMBERT

HAGKAUP  
MÆLIR  
MEÐ

**Fyllt hátíðalæri**

Lærin eru úrbeinuð og fást  
með 3 tegundum af fyllingum:

- Döðlur og gráðaostur
- Fíkjur, engifer og kanill
- Franskur Camembert

ÍSLANDS  
NAUT  
Stofnbygging

**3.998** kr/kg  
verð áður 4.499

**Valette andabringur**  
Hágæða franskar andabringur.

**7.199** kr/kg  
verð áður 7.999

**Nauta Tornados**  
Ferskar steikur úr íslenski nautalund.

**HAGKAUP**  
Skemmtilegast að versla



# TRAUSTIR, NOTAÐIR GÆÐABÍLAR Á HAGSTÆÐU VERÐI



**VW Golf** Plus Comf 1,6 TDI AT  
Árgerð 2012, dísil  
Ekinn 37.000 km, sjálfskiptur **Ásett verð: 3.390.000**



**VW Passat** Var Comf Eco-fuel AT. Árg. 2012, bensín/metan  
Ekinn 142.000 km, sjálfskiptur  
**Ásett verð: 3.140.000**  
**TILBOÐ: 2.640.000**



**VW Golf** TDI Trendl.  
Árgerð 2011, dísil  
Ekinn 125.000 km, beinskíptur  
**Ásett verð: 1.990.000**



**Skoda Octavia** Amb. 1.6 TDI AT. Árgerð 2013, dísil  
Ekinn 22.000 km, sjálfskiptur  
**Ásett verð: 3.850.000**



**MM Pajero** 3.2 Instyle  
Árgerð 2012, dísil  
Ekinn 46.000 km, sjálfskiptur  
**Ásett verð: 7.490.000**



**Mercedes-Benz** E200 CGI. Árgerð 2009, bensín  
Ekinn 68.000 km, sjálfskiptur  
**Ásett verð: 4.980.000**



**Chevrolet** Captiva 7manna  
Árgerð 2012, dísil  
Ekinn 73.000 km, sjálfskiptur  
**Ásett verð: 4.390.000**



**Nissan X-Trail** LE  
Árgerð 2008, dísil  
Ekinn 141.000 km, sjálfskiptur  
**Ásett verð: 2.640.000**



**Toyota** Land Cruiser 120 GX  
Árgerð 2005, dísil  
Ekinn 165.000 km, sjálfskiptur  
**Ásett verð: 3.550.000**

Komdu og skoðaðu úrvalið!



**NOTAÐIR  
BÍLAR** [heklanotadibir.com](http://heklanotadibir.com)

Laugavegi 174 | Sími 590 5040  
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 12-16

## Árásir setja strik í reikninginn og forsetakosningar dragast á langinn: Ódæðismenn myrtu kjósendur

**NÍGERÍA** Kjörstaðir verða áfram opnir í nokkrum landshlutum Nígeríu á morgun, sunnudag, vegna tafa og árása við kjörstaði í dag. Meira en 20 manns voru myrtir af óþekktum árásarmönnum.

Tafir urðu ekki víða, að því er fram kemur á vef BBC, en tæknilegir örðugleikar hægðu á kosningunum og meðal annars lenti forseti landsins, Goodluck Jonathan, í vandræðum.

Kosningarnar eru einar þær mest spennandi í landinu frá því lýðveldi

var stofnað árið 1963. Þeim var frestað um sex vikur til að gefa Nígeríuher færi á að endurheimta landsvæði sem liðsmenn hryðjuverkamtakanna Boko Haram höfðu komist yfir.

Núverandi forseti, Jonathan, er í framboði auk Muhammaðu Buhari. Jonathan er kristinn maður úr suðurhluta landsins, en Buhari múslími að norðan. Jonathan, sem tók við sem forseti 2010, er mikið gagnrýndur fyrir að hafa mistekist að stöðva framgang Boko Haram. - skh



Á VARÐBERGI Kristnir menn flúðu frá Kano í Norður-Nígeríu af ótta við ofbeldi í kjölfar forsetakosninganna.

MYND/AP



HELLA Sveitarstjóri Ágúst Sigurðsson er með lögheimili í Kirkjubæ í Rangárbæingur ytra.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Lögheimilisskráning klyfur Rangárbæing

Sveitarstjóri Rangárbæingur ytra er með lögheimili í sveitarfélaginu þrátt fyrir að vera með búsetu annars staðar. Rangárbæingur ytra greiðir þar af leiðandi skólagöngu barns hans. „Ekkert athugavert við þetta,“ segir oddviti sveitarstjórnar.

**RANGÁRÞING YTRA** Sveitarstjóri Rangárbæingur ytra er með lögheimili í sveitarfélaginu þrátt fyrir að fóst búseta hans sé í nágrenna sveitarfélaginu Rangárbæingur ystra. Rangárbæingur ytra greiðir þar af leiðandi fyrir skólagöngu barns hans á Hvolsvelli vegna lögheimilisskráningar fjölskyldunnar.

„Það er ekkert athugavert við það að við greiðum fyrir skólagöngu barns sveitarstjórnar í öðru



ÁGÚST SIGURÐSSON



ÍSÓLFUR GYLFI PÁLMASSON

sveitarfélagi,“ segir Þorgils Torfi Jónsson, oddviti D-listans í meirihluta Rangárbæingur ytra.

Ágúst Sigurðsson, sveitarstjóri Rangárbæingur ytra, er með fasta búsetu á Öldubakka á Hvolsvelli í Rangárbæingur ystra. Ágúst og fjölskylda hans eru hins vegar með lögheimili skráð í Kirkjubæ í Rangárbæingur ytra.

„Þetta hefur tíðkast á þessa leið í mörg ár að nokkur börn sem lögheimili hafa hjá okkur fari í grunnskóla á Hvolsvelli,“ segir Þorgils Torfi Jónsson.

Þorgils Torfi segir að í sumum tilvikum sé hagræði að því að börnin séu í námi á Hvolsvelli frekar en á Hellu vegna nálægðar við Grunnskólann á Hvolsvelli. Litlu máli skipti hvort um sé að ræða börn sveitarstjóra eða önnur börn, greitt sé fyrir skólagöngu allra barna.

Yngvi Karl Jónsson, oddviti minnihluta sveitarstjórnar Rangárbæingur ytra, segir lögheimilisskráningu sveitarstjórnar hafa verið milli tannanna á íbúum sveitarfélagsins í kringum síðustu kosningar. Að hans mati sé þekkt staðreynd að sveitarstjóri sé búsettur á Hvolsvelli þrátt fyrir að hafa lögheimili í sveitarfélaginu.

„Sjálfsgert er þetta einkennileg staða. Bent hefur verið á þetta en engin leið fyrir okkur að hnekkja þessari búsetu.“

Yngvi Karl Jónsson, oddviti minnihluta sveitarstjórnar Rangárbæingur ytra.

„Sjálfsgert er þetta einkennileg staða. Bent hefur verið á þetta en engin leið fyrir okkur að hnekkja þessari búsetu. Við teljum okkur vera búin að vekja athygli á þessu en það hefur ekkert verið leiðrétt eða gert í málinu,“ segir Yngvi Karl.

Í fyrstu grein laga um lögheimili segir að lögheimili sé sá staður þar sem maður hafi fasta búsetu, dveljist í að jafnaði í tómstundum sínum, hafi heimilismuni sína og sé svefnstaður.

Því segir Yngvi Karl rökrétt að lögheimilisskráning sveitarstjóra sé röng samkvæmt laganna bókstaf. Það skjóti skökku við að röng skráning leiði til þess að bærinn þurfi að greiða fyrir skólagöngu barna sveitarstjórnar.

„Auðvitað er þetta einkennileg staða en á móti kemur að sveitarstjóri greiðir þá útsvar í okkar sveitarfélagi,“ segir Yngvi Karl.

Ísólfr Gylfi Pálmason, sveitarstjóri Rangárbæingur ystra, segir eðlilegt að ef fjölskyldur séu með lögheimili á einum stað en búi á öðrum að útsvarstekjur þeirra skiptist til helminga á milli sveitarfélaga.

Ekki náðist í Ágúst Sigurðsson við vinnslu fréttarinnar.

svinn@frettabladid.is

## ROSEBERRY

Öflugt gegn blöðrubólgu

Virkar innan 24 tíma  
2-3 töflur fyrir svefn



Fæst í apótekum, heilsuþúðum og í heilsuhillum stórmarkaðanna  
[www.gengurvel.is](http://www.gengurvel.is)



# Panasonic

## TVEIR FRÁBÆRIR KOSTIR



42"

### Panasonic TX42AS600Y

42" Smart VIERA LED sjónvarp með 1920x1080p upplausn. Vreal Smart Engine. Dual-Core örgjörvi. 100 Hz Back Light Blinking. VIERA Connect nettenging. Wi-Fi. Skype. Stafrænn DVB-C, DVB-T, DVB-T2 móttakari. Media spilar. Scart, 2x HDMI, CI rauf, RCA, DNLA, Optical út, heyrnartólstengi o.fl. Apple/Android síma- og spjaldtölvuApp.

### TILBOÐ

**99.990**

VERÐ ÁÐUR 129.990

55"

### Panasonic TX55AS640E

55" Smart VIERA Direct LED sjónvarp með 1920x1080p upplausn. Vreal Smart Engine. Dual-Core örgjörvi. 1200 Hz Back Light Blinking. VIERA Connect nettenging. Bluetooth. Wi-Fi. Skype. Stafrænn DVB-C, DVB-T, DVB-T2 móttakari. Media spilar. 3x HDMI, CI rauf, RCA, DNLA, Optical út, heyrnartólstengi o.fl. Apple/Android síma- og spjaldtölvuApp.

### TILBOÐ

**179.990**

VERÐ ÁÐUR 199.990

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • [WWW.SM.IS](http://WWW.SM.IS)





Ástand á húsnæðismarkaði er óþolandi:

## Þak yfir höfuðið

Eygló Harðardóttir félagsmálaráðherra hefur boðað komu frumvarpa inn í þingið sem snúa að húsnæðismarkaðnum. Um er að ræða fjögur frumvörp; um stofnstyrki, breytingu á lögum um húsnæðissamvinnufélög, húsnæðisbætur og breytingu á húsaleigulögum. Frumvarpanna er beðið með eftirvæntingu á ýmsum vígstöðvum. Þau munu að einhverju leyti vera innlegg í kjaraviðræður sem nú standa yfir og er þannig að sögn ráðherra ætlað að ná sérstaklega til ungs fólks og þeirra tekjulægri. Þau eru að sögn Eyglóar unnin í nánú samstarfi við fjármála- og efnahagsráðherra enda nokkuð líklegt að umtalsverðar breytingar á þessum málaflökki kalli á tölurverð fjáruátlát.

Fanney Birna Jónsdóttir

fanney@frettabladid.is



Reyndar er með ólíkindum hversu lengi hefur staðið á framlagningu þessara frumvarpa en ráðherrann hefur nú eftir að hafa setið rúm tvö ár í embætti tvo daga til að ná máluinn inn fyrir lok þessa þings. Eygló leggur gríðarlega áherslu á að frumvörpin verði kláruð á yfirstandandi þingi og í samtali við Fréttablaðið á föstudag sagði hún að næðist það ekki yrði að halda sumarþing. Hún hefur áður lýst yfir áhyggjum af hækkanandi húsnæðisverði en verð á íbúðum í fjölbýli hækkaði um 9 prósent að raunvirði í fyrra og sérþýli um 3,7 prósent og eitthvað verði að gera fyrir þann stóra hóp sem ekki nær að tryggja sér þak yfir höfuðið í þessu árferði. Þörfin fyrir húsnæði er mikil en að einhverju leyti fyrirsjáanleg. Frá miðju ári 2007 til loka ársins 2012 var sama og ekkert byggt sem er lengsta stöpp í byggingum á íbúðarhúsnæði á Íslandi síðustu áratugi. Á sama tíma er stór hóp ungs fólks að koma inn á markaðinn. Þessu verður að mæta.

Nákvæmar útfærslur frumvarpanna eru enn óljósar. Heyrst hefur að til standi að samræma húsaleigu- og vaxtabætur, en eins og staðan er í dag hefst tekjuskæring bóta mun fyrir í tilvikum húsaleigubóta. Það er hið besta mál enda vandséð hvernig það er réttlætunlegt að bótakerfið geri upp á milli fólks eftir því hvernig það fjármagnar húsnæði sitt. Að sama skapi er af sömu ástæðu fyrirkvíðanlegt ef breyta á skattkerfinu mikið til að skapa hvata til útleigu, það er að gera upp á milli sparifjár-eigenda eftir því hvort þeir festa peninga sína í húsnæði eða einhverju öðru. Það er ósanngjarnt og flækir kerfið.

Húsnæðiskerfið, bæði á ríkis- og sveitarstjórnarstigi, er flókið og regluverkið umfangsmikið. Byggingarreglugerðir þarf að einfalda og leiðrétta þannig að ódýrara sé að byggja húsnæði. Kröfur um lágmarksstærðir og -útbúnað eru oft og tíðum óhagstæðar auk þess sem þeim fylgir kostnaður. Það verður að borga sig að byggja smáar einingar til að það sé gert.

Ástandið á húsnæðismarkaði er einfaldlega óþolandi. Ungt fólk og þeir tekjulægri eiga í erfiðleikum með að koma sér upp þaki yfir höfuðið svo vel sé sem er grundvallaratriði til að það geti komið undir sig fótum og tryggt sér og fjölskyldum sínum almennileg líffsskilyrði.

Frumvörp Eyglóar geta þannig orðið til mikilla bóta. Það besta sem hið opinbera gerir á húsnæðismarkaði er hins vegar að skapa einfalt og sanngjarnt regluverk. Regluverk sem gerir mönnum kleift að byggja alls konar húsnæði, nú sérstaklega ódýrt, og skipuleggja byggingarmagn þar sem fólk vill raunverulega búa.

### FRÁ DEGI TIL DAGS


#### Fleiri slys, meira glys

Vinnueftirlitið hefur gefið út skýrslu um slys í fiskvinnslunni og er óhætt að segja að um svarta skýrslu sé að ræða. Eftirlitið kannaði slysatíðni í fiskvinnslunni fyrir tveimur árum og í eftirfylgniathugun núna kom í ljós að staðan hafði ekkert batnað. Slysatíðni hefur þvert á móti aukist. Í fréttum RÚV á laugardag kom í ljós að fiskvinnslan skilaði 32,6 milljörðum króna í ár árið 2013, árið sem skýrsla Vinnueftirlitsins var gerð. Það eru margir peningar og hægt að kaupa mikið glys fyrir þá. Bling jafnvel. Það er líka hægt að eyða þeim í að auka öryggi starfsmanna í fiskvinnslunni. Auðvitað eiga athugasemdirnar ekki við öll fyrirtækin, en

fyrsta boðorð allra atvinnurekenda á að vera að huga að öryggi starfsmanna sinna, jafnvel þó það skili færri krónum í vasa eigenda.

#### Sumarþing ef með þarf

Eygló Harðardóttir velferðarráðherra lýsti því yfir í Fréttablaðinu á föstudag að afgreiða þyrfti húsnæðisfrumvörp hennar á yfirstandandi þingi. Það þýddi ekkert elsku mamma, ef ekki næðist að klára það fyrir sumarfrí þyrfti einfaldlega að halda sumarþing. Gott og vel, með þessu undirstrikar Eygló mikilvægi frumvarpanna, sem enginn þarf að velkjast í vafa um.



#### Innanstjórnarpólitik

Ummæli ráðherra vekja hins vegar þá eðlilegu spurningu hvers vegna frumvörpin eru ekki löngu komin fram. Ef þau eru svo mikilvæg að það er nauðsynlegt að ljúka þeim fyrir sumarfrí, hefði þá ekki verið ráð að leggja þau fyrr fram og tryggja þannig að nægur tími væri til að ræða þau og afgreiða? Mögulega er skýringarinnar að leita innan ríkisstjórnarinnar, en þar er fráleitt samstaða um jafn kostnaðarsamar aðgerðir og frumvörpin gera ráð fyrir. Yfirlýsingar Eyglóar má því skilja sem áréttungu hennar gagnvart samráðherrum sínum á því hve mikla áherslu hún leggur á málin.

kolbeinn@frettabladid

### HALLDÓR



### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Práinsson ÚTGEFANDI OG ADALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Andri Ólafsson andri@365.is, Hrund Þórsdóttir hrund@stod2.is, Kolbeinn Tumi Daðason kolbeinntumi@365.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafraunu formi og í gagnabönum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

## Snjallsími á hjólum

#### UMFERD



Haraldur Einarsson  
Þingmaður Framsóknarflokksins

Nýr tími er runninn upp í samgöngum á höfuðborgarsvæðinu. Gatnakerfið ræður ekki við bílafjöldann. Langar bílabíðar myndast þegar fólk fer í og úr vinnu. Slíkt er afar óhagkvæmt fyrir samfélag okkar. Hvað er til ráða? Svörin eru mörg. Eitt þeirra er að innleiða nýja tækni. Internetið og farsími eru ekki gömul fyrirbæri. Þó ég sé aðeins 27 ára man ég þá tíma að þessi tækni var takmörkuð. Nú er internetið og farsíminn hluti af grunnþörfum fólks og ljósleiðaravæðing eitt af mikilvægustu verkefnum samtímans. Þessa tækni er verið að setja í bíla og gera ökumenn óþarfa. Bílaframleiðendur eins og Mercedes Benz, General Motors, Audi og Volvo eru með tilraunabíla sem keyra mannláusir í lifandi borgum. Bílarnir skynja götuna, aðra í umferðinni, umferðarljós, gangstéttir og fleira.

ökumans 2,5 sek. Það þýðir að á 90 km/klst. hefur bíllinn farið yfir 60 m áður en stigið er á bremsurnar. Við blasir af viðbragðstíminn er færður niður í nánast núll með háhraðatækni, mun það auka öryggi. Þessi nýja tækni ætti að minnka til muna algengustu slys í umferðinni, aftanákeyrslur.

#### Færri umferðarteppur

Bílar framtíðarinnar verða rafmagnsknúnir og tala saman. Verði nógu margir bílar í snjallkerfinu, þurfa færst okkar að eiga bíla lengur. Þetta gæti auðveldlega gerst á fjölmennustu stöðum landsins. Með snjallsímanum pantar fólk skutl með snjallbílum og vegna fjölda þeirra þarf lítið að bíða og auðvelt verður að sameinast í bíla. Þetta kerfi ætti að vera ódýrara fyrir einstaklinga ef öll gjöld einkabíls eru reiknuð með. Einnig mun kerfið geta sparað mikinn ferðatíma með því að nota reikniáðferðina „bestun“ til að finna fljótlegustu leiðina því áfangastaður allra bíla er þekktur. Þannig ættu umferðarteppur að heyrna sögunni til. Við Íslendingar eigum að gera það sem í okkar valdi stendur til að ýta á eftir ofangreindri tæknipróun. Þar geta stjórnvöld lagt hönd á plóg.

#### Færri slys

Nær öll slys sem verða í umferðinni eru vegna mannglegra mistaka. Gætu sjálfkeyrandi bílar aukið umferðaröryggi og lækkað slysatíðni? Með interneti og farsímataekni geta bílarnir talað saman. Til dæmis ef einn bíll hægir á, þá veit öll bílaröðin af því. Það getur skipt sköpum því, fyrir hemlun bifreiða er viðbragðstími

Til hvers að flækja hlutina?

# SJÁLFKRAFA 365

## Í BESTA ÞREP!

365.is  
Sími 1817

|  |  |  |
|--|--|--|
| 0-60 mín. og SMS<br><b>0 kr.</b><br>60 mínútur og 60 SMS í GSM og heimasíma á Íslandi. | 60-365 mín. og SMS<br><b>2.990 kr.</b><br>365 mínútur og 365 SMS í GSM og heimasíma á Íslandi. | Endalaust<br><b>4.990 kr.</b><br>Endalausar mínútur og SMS í GSM og heimasíma á Íslandi. |
|--|--|--|

Í upphafi mánaðar byrja allir viðskiptavinir í 0 mínútum og 0 SMS-um. Það fer síðan eftir notkun í hvaða þrepi hann endar þann mánuðinn.



# Hvað felst í nafni?

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson  
rithöfundur

Fyrst hugsar maður: Af hverju endar íslensk mannréttindabaráttá alltaf í einhverju þvargi um að fá að nota nafn sem enginn bannar þér að nota? Fyrst Þorgeir með þetta óskiljanlega eina s í föðurnafninu; og núna Jón Gnarr búinn að fá viðurkennt með ærinni fyrirhöfn fyrir bandarískum dómstóli að hann heiti Jón Gnarr en ekki eitthvað sem enginn kallar hann nema Hagstofan og forstöðumaður eineltissviðs Sjálfstæðisflokksins.

Málið er samt ekki alveg einfalt. Það eru þau aldrei. Það er smávægilegt og þess vegna mikilvægt.

## Spurðu ekki Hagstofuna hvað hún geti gert fyrir þig ...

Kannski spurningin ætti heldur að vera: Af hverju þarf að vera að standa í þvargi um það hvað maður vill heita gagnvart Keisaranum, guði og samfélaginu. Af hverju á nefnd valinkunnra einstaklinga að fjalla um það hvað þú heitir á bréfum Hagstofunnar til þín, og samþykka hugmyndir þínar eða synja þeim? Fólk gefur sér ýmis nöfn, stundum á svokölluð hliðarsjálfr og stundum á þá persónu sem það telur sig einkum vera og vill sýna umheiminum. Fólk gefur sér listamannsnöfn án þess að mannanafnanefnd sjái ástæðu til að hafa afskipti af því: „Nefndin hefur fjallað um umsókn þína að fá að heita MC Gauti en getur því miður ekki fallist á hana vegna

þess að stafirnir MC samræmast ekki íslensku beygingarkerfi...“ Hver er í rauninni munurinn? Ætli ekki heldur að hafa áhyggjur af opinberum nöfnum fólks – þeim sem samfélagið þekkir og notar – en kennitölunöfnum? Af hverju þurfa nöfn á umslögum frá Hagstofunni fremur að samræmast íslensku beygingarkerfi en nöfn sem öllum erum töm? Tungumáli verður ekki stjórnað með lögum og lagabókstaf. Tungumál er lífið sjálft, óstýrillátt og streymandi í ótal farvegum.

Og þegar landið er fullt af fólki sem kemur með annars konar nafnavenjúr úr fyrri samfélögum hljóta lög sem takmarka rétt fólks til ákvarðana um nöfn sín og sinna að falla um sjálf sig. Nema við viljum aftur neyða það fólk sem hingað flyst til að kalla sig Kára og Jarþrúði.

Eða snýst þetta að einhverju leyti um þarfir Hagstofunnar? Við munum þá tíð þegar Hagstofan bannaði of löng nöfn, vegna þess að það hentaði ekki þáverandi tölvukosti stofunnar, eins og þjóðin þyrfti að laga sig að tölvunum en ekki öfugt. Sá hugsunaráttur minnir dálítið á umræður á facebook-vegg Hallgríms Helgasonar um daginn þegar hann sýndi einn af þessum ólystilegu íslensku ostum sem eru svo linir að þeir fara í klessu við minnstu snertingu ostaskera; þá urðu ýmsir til að segja að hann hafi ekki verið með rétta ostaskerann. Þankagangurinn er með öðrum orðum sá að manni beri að laga sig að hroðanum fremur en að mótmæla honum og krefjast mannsæmandi varnings.

En það á maður að gera. Maður á kröfu á því að fá að borða ætan ost á viðunandi verði. Og maður á kröfu á því að mega skilgreina

sjálfan sig eins og maður kys og koma fram fyrir annað fólk eins og maður hefur skilgreint sig, svo fremi sem almennt samkomulag ríki um að manni sé sjálfrátt.

## Vald yfir eigin mannhelgi

Þessi þrá eftir valdi yfir eigin mannhelgi – eigin áru – eigin merkingu fyrir öðru fólki – braust fram í síðustu viku með dæmigerðu alíslensku „æði“ sem geta verið svo skemmtileg, þegar þúsundir kvenna beruðu brjóst sín á eigin forsendum og með frelsið að gunnfána: frelsi undan markaðsvæðingu mannlíkamans, frelsi undan glápmörkingu karlveldisins.

Sú hugmynd að maður eigi sjálfur að ráða yfir sér – og þar með því hvaða nafni maður nefnist gagnvart sjálfum sér, öðru fólki og samfélaginu í heild – þetta er grundvallarhugmynd. Vissulega getur nafnið manns verið samvinnuverkefni – stundum heilt þorp sem tekur þátt í því – og ekki alltaf jafn indæl nöfnin sem fólk situr uppi með í viðurnefnalöndinu Íslandi. Ekki hefur löggjafinn séð ástæðu til að láta slíkt til sín taka, enda vandséð hvernig því verði við komið.

Aðrar hefðir hafa verið lífseigar hér á landi – til dæmis að kenna sig við staði og bæi: Bólu-Hjálmar ... Sigríður Einars frá Munadarnesi ... Davíð frá Fagra-skógi. Allt hefur þetta lifað einhvern veginn í þessum hálfgerða hrærigraut sem mannleg tilvera getur orðið þegar hún verður sem indælust og býr við hæfilegt afskiptaleysi af hálfu hins opinbera. Þar með er ekki sagt að samfélagsleg ábyrgð skipti engu máli; eða að samfélagið beri ekki ábyrgð á velfarnaði einstakra þegna. Samfélagið þarf hins vegar ekki að hafa vit fyrir ein-

“ Og þegar landið er fullt af fólki sem kemur með annars konar nafnavenjúr úr fyrri samfélögum hljóta lög sem takmarka rétt fólks til ákvarðana um nöfn sín og sinna að falla um sjálf sig. Nema við viljum aftur neyða það fólk sem hingað flyst til að kalla sig Kára og Jarþrúði.

staklingunum nema í undantekningartilvikum.

Eftir stendur þá einkum tvennt: að löggjafinn hafi, af menningarlegum og sögulegum ástæðum, tekið að sér að vernda ævafornt mannanafnakerfi Íslendinga, að kenna sig við föður eða móður; og þetta viðkvæma kerfi sé í hættu og geti horfið með öllu á nokkrum mannsöldrum. Og svo hitt: Að það geti verið börnum erfitt að alast upp með nöfnum þar sem þörf foreldranna til að tjá sig gengur út í öfgar, og þau þurfi að vernda. Hið síðarnefnda er fyrst og fremst barnaverndarmál og ætti eiginlega að vera hluti af ungbarneftirlitinu þegar gætt er að því að sómasamlega sé búið að barninu, að það fái ekki of skrípaleg nöfn; það er í rauninni ekki málfræðileg spurning heldur siðferðileg.

Hitt atriðið er erfiðara. En sé svo komið að eina vernd tungumáls og menningararfs séu lagaþvingunarúrræði – þá er sú menning feig. Sjálfur er ég ekki viss um að sá góði siður að kenna sig við foreldra muni hverfa sjálfkrafa, jafnvel þótt Jón fái að heita Gnarr.

## AF NETINU

### Alveg kýrskýrt



Þótt menn hafi á einhverjum tímum keypt kvóta til nýtingar var seljandinn ekki aðili sem hafði rétt eða umboð til að selja hann til frambúðar.

Auðvitað hljóta kaupendurnir að hafa gert sér grein fyrir því. Það stendur í lögum um fiskveiðar að nytjastofnar á Íslandsmiðum séu sameign þjóðarinnar.

Þetta er alveg kýrskýrt og það eru engar líkur á að þessu verði breytt. Mikill meirihluti þjóðarinnar er þessarar skoðunar – stjórn-málamaður sem reyna að einka-væða fiskistofnana til frambúðar munu ekki hafa erindi sem erfiði. Í kosningu um tillögur stjórnlagaráðs greiddu 74 prósent atkvæði með því að náttúruauðlindir sem eru ekki í einkaeigu verði lýstar þjóðareign. Skoðanakannanir hafa sýnt svipaðar niðurstöður.

Egill Helgason á eyjan.is

### Einn maður í feðraveldinu



Það hefur ekki frá því að ég man eftir mér verið amast við því að konur stunduðu sólböð berbrjósta ef þær vilja í sundlaugum á Íslandi.

Það er ekki bannað og þykir ekki ósiðlegt að gefa börnum brjóst á almannaferi á Íslandi. Ég man eftir einni frétt um það að konu hafi verið bannað að gefa brjóst á veitingastað hér á landi. Einn stjórnuhallinn veitingamaður. Það var nú allt „feðraveldið“, hið íslenska Kabúl, sem nýfemínistar leita að með logandi ljósi. Það er ekkert stigma í kringum ber brjóst kvenna á Íslandi.

Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir á kvennabladid.is

BMW 2 lína  
Active Tourer



Hrein  
akstursgleði

www.bmw.is

**BMW EfficientDynamics**  
Less emissions. More driving pleasure.

**FRÍSKLEGT ÚTLIT.**

**BMW 2 ACTIVE TOURER ER RÚMGÓÐUR OG NÝSTÁRLEGUR FJÖLSKYLDUBÍLL MEÐ FRAMHJÓLADRIFI.**

Mikilvægt við uppgöfningu fólk framleiðandi um eidsneytsisnotkun í blöndum aksri

BMW 2 Active Tourer 218d, 150 hestafla dísilvél. Verð frá 5.290.000 kr. Eyðsla 4,2 L/100 km.\*  
Staðalbúnaður m.a. iDrive stjórnþolva, 6,5" upplýsingaskjúr, handfrjálssímabúnaður (Bluetooth) með raddstýringu,  
16" áfelgur, radarstýrð árekstrarvörn, lykillauss gangsetning, loftkæling og hraðastillir (Cruise Control).

BL ehf  
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / www.bl.is





## MERKISATBURÐIR

**1492** Ferdinand og Ísabella gáfu út tilskipun um að allir gyðingar sem ekki tækju rómversk-kaþólska trú skyldu yfirgefa Spán.

**1533** Thomas Cranmer varð erkibiskup af Kantaraborg.



**1802** Bólusetning við kúabólu var lögboðin á Íslandi og var það með fyrstu löndum til slíkrar lagasetningar.

**1816** Hið íslenska bókmenntafélag var stofnað. Það gefur út Skírni, sem er elsta tímarit á Norðurlöndum.

**1841** Þjóðarbanki Grikklands stofnaður í Aþenu.

**1853** Fæðingardagur holenska listmálara **Vincent van Gogh**.

**1858** Hymen leðri.

Lipman fékk skráð einkaleyfi á blýanti með áföstu strokleðri.

**1867** Bandaríkin keyptu Alaska af Rússum fyrir 7,2 milljónir dollara.

**1934** Eldgos hófst í Grímsvötnum í Vatnajökli og olli hlaupi í Skeiðará.

**1945** Síðari heimsstyrjöldin: Sovéttmenn réðust inn í Austurríki og hertóku Vínnaborg.

**1949** Alþingi Íslendinga samþykkti aðild landsins að NATO, en við það brutust út óeirðir á Austurvelli.

**1981** Ronald Reagan Bandaríkjaforseti skotinn og særður af John Hinckley rétt við Hvíta húsið.

**1985** Mótefni gegn eyðniveiru fundust í fyrsta sinn í blóði Íslendinga.

**2006** Mýraeldar komu upp í Hraunhreppi í Mýrasýslu og brunnu í yfir tvo sólarhringa. Þetta voru mestu sinueldar sem um er vitað á Íslandi og brunnu um 67 km<sup>2</sup> lands.

**2010** Þrjátíu og átta láta lífið og sextíu særðust í sjálfsmorðssprengingum í hraðlestarstöð í Moskvu.



**Í SÓLUNNI Á TENE** „Ég er hér í blíðskaparveðri og algerrri slökun með fjölskyldunni,“ segir Guðlaug María.  
MYND/FREYR ÓLAFSSON

## Þriðji í afmæli í dag

Guðlaug María Bjarnadóttir, leikkona og kennari, er sextug í dag og fagnar því með margra daga hátíðahöldum í góðra vina hópi suður á hinni sólríku eyju Tenerife.

„Ég er hér í blíðskaparveðri og algerrri slökun með fjölskyldunni,“ segir Guðlaug María Bjarnadóttir leikkona þegar hún er ónáðuð á Tenerife í tilefni sextugsafmælisins sem er í dag. „Svo vill svo skemmtilega til að margir vinir mínir hafa verið hér líka, sumir eru reyndar farnir heim og aðrir eru á förum. Ég hef farið út að borða með þeim í hollum í tilefni afmælisins, þannig að afmælisdagurinn sjálfur er þriðji í afmæli hjá mér. Svo verður fjórði í afmæli þegar yngsta dóttir mín kemur, hún er í leiklistarnámi í Bratislava þessa önn en kemur hingað innan fárra daga.“

Guðlaug María kveðst hafa alist upp á Akureyri og á góðar minningar þaðan. Þegar minnst er á Sjallann, viðurkennir hún að hafa dulbúið sig með mikilli fyrirhöfn til að komast þar inn áður en hún hafði aldur til. Sama gilti um leiklistarnámskeiðið sem hún fór á hjá Arnari Jónssyni, Þórhildi Þorleifsdóttur og Sigmundi Erni Arngrímssyni. „Það var sextán ára aldurstakmark en ég komst inn áður en ég náði því tak-

marki. Það var ágætur skóli. Þaðan lá leiðin í Leiklistarskóla Íslands og svo fór ég að leika.“ Af eftirminnilegum sýningum nefnir hún Amadeus í Þjóðleikhúsinu, Reykjavíkursögur Ástu í Hlaðvarpanum, Bílaverkstæði Badda og Gaurang. Auk þess var hún í Pæld'íðihópnum sem hafði það hlutverk að sýna fræðandi og uppbyggileg verk fyrir börn og unglinga. „Við byrjuðum á mjög hneykslanlegu verki um kynfræðslu sem hét Pæld'íði og var bannað sums staðar. Fengum alveg ótrúlega góða auglýsingu því um það var náttúrlega fjallað í blöðunum,“ rifjar hún upp glaðlega.

„Svo er gaman að segja frá því að um daginn var ég í fornbókabúð að leita að ljóðabók sem ég gaf út á mínum yngri árum. Þá sagði afgreiðslumaðurinn: „Já, eftir Guðlaugu Maríu Bjarnadóttur? Ég sá eina leiksýningu með henni, það var Hvað gerðist í gær? Hún er ógleymanleg.“ Hann fattaði ekkert við hverja hann var að tala. Hvað gerðist í gær? fjallaði um fangabúðir gyðinga og ég var ein á sviðinu

„Við byrjuðum á mjög hneykslanlegu verki um kynfræðslu sem hét Pæld'íði og var bannað sums staðar. Fengum alveg ótrúlega góða auglýsingu því um það var náttúrlega fjallað í blöðunum.“

í tvo og hálfan tíma. Ég þurfti sko ekki að fara í megrun því ég breyttist í Belsen-fanga, æfingarnar voru svo erfiðar. En mér þótti vænt um ummæli afgreiðsumannsins.“

Nú er Guðlaug María kennari við Borgarholtsskóla. „Ég ákvað að fara í háskólann þegar ég var um fertugt, fannst ég aldrei hafa lært alveg nóg og fór í uppeldis- og kennslufræði og svo menntunarfræði. Eftir það fannst mér svo gott að hafa frí á kvöldin að ég svissaði yfir í kennsluna. Það er aldrei að vita nema ég byrji að leika aftur þegar ég verð orðin gömul, það vantar alltaf kerlingar með fullu viti í einhver hlutverk.“  
gun@frettabladid.is

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**BRYNJA BORGÞÓRSÞÓTTIR**  
til heimilis að Sólvangi, Hafnarfirði, áður Álfaskeiði 64d,

sem lést á Sólvangi fimmtudaginn 19. mars, verður jarðsöngin frá Frikkirkjunni í Hafnarfirði 1. apríl kl. 13.00. Þeim sem vilja minnst hennar er bent á hjúkrunarheimilið Sólvang í Hafnarfirði.

**Gunnar Þór Júlíusson**      **Ingvaldur Jóna Gunnarsdóttir**  
**Guðrún Júlíusdóttir**      **Jón Vídalín Hinriksson**  
**Helgi Guðbjörn Júlíusson**      **Stefanía Guðjónsdóttir**  
barnabörn og barnabarnabörn.

Kæra systir okkar og frænka,

**ÞÓRA JÓHANNSDÓTTIR**  
frá Garðsá,

sem lést miðvikudaginn 18. mars, verður jarðsöngin frá Akureyrarkirkju miðvikudaginn 1. apríl kl. 13.30.

**Hrafnhildur, Margrét og systkinabörn.**

**Þegar andlát ber að höndum**

önnunumst við alla þætti þjónustunnar með virðingu og umhyggju að leiðarljósi

*Elin Sigrún Jónsdóttir*  
frankvæmdastjóri

*Þorsteinn Elísson*  
útfararþjónusta

*Frimann Andrésson*  
útfararþjónusta

*Hugrún Jónsdóttir*  
útfararstjóri

*Rósa Kristjánsdóttir*  
útfararstjóri

*Guðmundur Baldvinsson*  
útfararþjónusta

*Jón G. Bjarnason*  
útfararþjónusta

*Ellert Ingason*  
útfararþjónusta

*Kattla Þorsteinsdóttir*  
lögfræðisþjónusta

**Við þjónum allan sólarhringinn**

Vesturhlíð 2 - Fossvogi - Sími: 551 1266 - [www.utfor.is](http://www.utfor.is)

## PETTA GERÐIST: 30. MARS 1949

### Mótmæli brutust út

Pann 30. mars árið 1949 kom saman margmenni á Austurvelli og mótmælti harðlega hugmyndum stjórnvalda um að gerast stofnaðilar að Atlantshafsbandalaginu. Andstæðingar NATÓ sem og almennir borgarar flyktust á Austurvöll. Mótmælendur létu hátt þennan dag og köstuðu eggjum og grjóti að alþingishúsinu.

Voru óeirðirnar slíkar á þessum degi að lögreglan þurfti að nota áður óþekkt meðöl á þeim tíma gegn pólitísku uppþoti. Þurftu laganna verðir að nota tárugas til þess að skakka leikinn og reyna að stilla til friðar.



Ríkisstjórn Stefáns Jóhanns Stefánssonar náði sínu fram þennan dag. Ríkisstjórnin var samsteypastjórn Alþýðuflokks, Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks.

Rétt eins og í búsáhaldbyltingunni veturinn 2008-2009 hrökklaðist ríkisstjórn Stefáns Jóhanns frá völdum síðla árs 1949.



# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ

## Í ÞJÓÐMINJASAFNI

Sýningarnar Íslenskir gullsmiðir - ný verk og Skartgripahönnun á frimerkjum standa yfir í Þjóðminjasafninu til 7. apríl. Tuttugu gullsmiðir sýna á Torginu en í Tunnunni eru sýnd stækkuð frimerki með myndum af íslenskrum skartgripahönnun.



## HEILBRIGÐ FLÓRA

**RARITET KYNNIR** „For Women“ frá OptiBac hefur öfluga virkni gegn bakteríusýkingum, þvagfærasýkingum og sveppasýkingum á kynfærasvæði kvenna.

Í starfi mínu sem hjúkrunarfræðingur hef ég orðið vitni að því hvað síendurteknar sýkingar geta orðið þrálátt vandamál hjá konum,“ segir Valbjörg Þórðardóttir hjúkrunarfræðingur. Hún segir sýkla- og sveppalyf í sjálfu sér góð og gild en þau geti þó beinlínis viðhaldið sýkingum þar sem þau ráðist einnig á vinveittar bakteríur sem verja svæðið gegn sveppa- og bakteríusýkingu.

Klínískar rannsóknir sýna að „For Women“ frá OptiBac virkar beint á kynfærasvæði og framleiðir góða bakteríuflóru sem veitir vörn.

### ÞRIÐJUNGUR KVENNA ER MEÐ KRÓNÍSKAR SÝKINGAR

Sjö af hverjum tíu konum fá einkenni sveppasýkingar á kynfærasvæði einhvern tímann á ævinni og ein af hverjum tíu finnur fyrir einkennum allt að fjórum sinnum á ári. Um helmingur kvenna fær þvagfærasýkingu að minnsta kosti einu sinni á ævi sinni og 30 prósent kvenna eru með króníska sýkingu vegna sama vandamáls. Þá fær þriðjungur kvenna þráláttar bakteríusýkingar sökum þess að sýkla-lyf virka einungis til skamms tíma.

### KONUM Á BLÆÐINGUM HÆTTARA VIÐ SÝKINGUM

„Bakteríusýkingar á kynfærasvæði kvenna eiga upptök sín í leggöngum, meðal annars vegna ójafnvægis í bakteríuflóru. Leiðrétta má bakteríuflóruna með inntöku Probiotic-gerla. Þá eru konur á blæðingum líklegri til að þjást af þvagfærasýkingu vegna lágs hlutfalls estrogens en estrogen bætir bakteríuflóruna,“ segir Valbjörg.

### VIRK, ÖRUGG OG NÁTTÚRULEG LAUSN BÆÐI SEM FORVÖRN OG MEÐFERÐ

- Tekið inn sem hefðbundið fæðubótar efni.
- 20 ára vísindalegar sannanir að baki.
- Klínískt prófað á meira en 2.500 konum.
- Örugg, náttúruleg og áhrifarík lausn.
- „For Women“ inniheldur meðal annars lactobacillus rhamnosus GR-1© og lactobacillus reuteri RC-14. Það eru einu gerlarnir sem sannað hefur verið að komist lifandi í gegnum meltinguna að kynfærasvæði.
- Allar vörur sem innihalda flórubætandi bakteríur setjast að í þörmum og er ætlað að vinna þaðan gegn sýkingum á kynfærasvæði. OptiBac „For Women“ kemst að kynfærasvæði á þremur til fjórum dögum, sest þar að, fjólgar sér og virkar gegn óæskilegum bakteríum.
- Til að koma í veg fyrir endurteknar sýkingar eða slá á einkenni getur verið gott að taka „For Women“ samhliða sveppa- eða sýklalyfjameðferð.
- „For Women“ frá OptiBac Probiotics er til inntöku. Mælt er með að taka tvö hylki á dag, tveimur tímum eftir að sýklalyf er tekið inn sem meðferð. Konur með endurteknar sýkingar eða krónísk einkenni geta tekið eitt hylki á dag sem forvörn.

„For Women“ er örugg, náttúruleg og virk lausn. Engar aukaverkanir eru þekktar við lyf né önnur bætiefni. Má taka inn samhliða hefðbundnum bætibakteríum (probiotics) fyrir þarma- og meltingarveg.

Nánari upplýsingar á [www.raritet.is](http://www.raritet.is) og [www.facebook.com/optibaciceland](http://www.facebook.com/optibaciceland). OptiBac fæst í öllum apótekum og heilsumverzlunum um land allt.



### FYRIR KONUR

Valbjörg Þórðardóttir hjúkrunarfræðingur mælir með því að konur velji náttúrulegu leiðina til að losna við bakteríu- og sveppasýkingu og viðhalda betri heilsu á kynfærasvæði.

### ALGENGT

Sjö af hverjum tíu konum fá einkenni sveppasýkingar á kynfærasvæði einhvern tímann á ævinni og ein af hverjum tíu finnur fyrir einkennum allt að fjórum sinnum á ári.

### GÓÐIR GERLAR

„For Women“ frá OptiBac er örugg, náttúruleg og virk lausn gegn þrálátum sýkingum á kynfærasvæði kvenna.

**Sjálfvirkur hurðaropnunarþúnaður** fyrir húsfélög og fyrirtæki, ásamt uppsetningu og viðhaldi Hentar vel fyrir aðgengi hreyfihamlaðra.

**JARNGLER**  
Skútuvogur 1H | 104 Reykjavík | S: 5858900 | [www.jarngler.is](http://www.jarngler.is)

## RAFGEYMAR

Er jeppinn tilbúinn fyrir páskaferðalagið?

**TUDOR High Tech rafgeymar.**

95 Ah, 800 Amper.  
Endurhlaðast allt að 50% hraðar (Carbon boost).  
Nýjar blýgrindur (3DX) = lengri ending.  
Alveg lokaðir og viðhaldsfriir.  
Mikið kaldræsipól, örugg ræsing í miklum kulda.  
Góðir fyrir jeppa með miklum aukarabúnaði.

Mikið úrval - Traust og fagleg þjónusta.

**TUDOR** SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM **TUDOR**

Bíldshöfða 12 • 110 RVK • 577 1515 • [www.skorri.is](http://www.skorri.is)

# SÓFADAGAR

NÝ SENDING AF SVEFNSÓFUM

**INNNOVATION™**

**Svefnsofi Cube 140 Deluxe**  
Stærð svefnflatar 140x200 cm  
Litir: Ljóst / dökkt  
Verð kr. 199.000.-

Nú aðeins kr. 129.935  
Einnig fáanlegur í 90 cm og 200 cm breidd

**Þægilegur svefnsofi m/tungu**  
Stór rúmfatageymsla  
Auðveldur í notkun  
Stillanlegir höfuðpúðar  
Þykkt gæðaleður

Stærð: Breidd: 244 cm  
Dýpt: 165 cm / Hæð: 94 cm  
Kynningarverð aðeins kr. **299.900**

**10-35% afsláttur af nokkrum eldri gerðum**

**12 mán.** vaxtalaugar greiðslur\*  
\*3.5% lántökugjald

**Svefn & heilsa**  
★★★★★

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233  
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150  
Opíð virka daga kl. 10:00 - 18:00  
Laugardaga 12:00 - 16:00

[www.svefn.is](http://www.svefn.is)

GERÐU GÆÐA - OG VERÐSAMANBURÐ  
Umboðsaðilar: Húsgagnafl - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum



**HITA KÚTAR**  
Amerísk gæða framleiðsla

30-450 lítrar

Umboðsmenn um land allt

**RAFVÖRUR**

DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI  
SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS



**LEIÐRÉTT**

● Forsíðumynd Brúðkaupsblaðsins sem fylgdi Fréttablaðinu á fimmtudag var tekin af Ruth Ásgeirsdóttur hjá Ljósmyndir og list. Hún er af Eyrúnu Birnu Jónsdóttur.



UNDIR SMÁHLUTINA Undir lokinu er hólfður bakki sem Hjalti segir henta undir smáhlutina.

**LATI BRYTINN**

**ÍSLENSK HÖNNUN** Hjalti Axelsson starfar sem sjálfstæður vöruhönnuður í Vín í Austurríki. Hann tók þátt í HönnunarMars á dögnum og kynnti húsgagn sem hann byggir á kistlum og koffortum fyrri alda.

Það gekk ótrúlega vel á Marsinum, ég var því miður ekki sjálfur viðstaddur en var með trygga bakhjarla sem stóðu sýninguna fyrir mig. Epal tók húsgagnið í framhaldinu í sölu sem er mikill heiður, þetta er háklassa búð,“ segir Hjalti Axelsson vöruhönnuður en hann kynnti hirsluna Lazy Butler, eða lata brytann á HönnunarMars á dögnum.

Lazy Butler er smíðaður hér á landi úr sérvöldum viði og sækir Hjalti innblásturinn til kistla og kofforta fyrri alda.

„Kistillinn er merkilegt fyrirbæri,“ segir Hjalti. „Þegar fólk flutti úr



**BÓHEMLÍF Í VÍN** Hjalti Axelsson vöruhönnuður segir offramboð á hönnuðum í Vín sem þambi því kaffi á kaffihúsum borgarinnar. „Það þarf að vera svoltið þrjóskur til að standa í þessu, skapa sér sín eigin tækifæri, rétt eins og á Íslandi.“

MYND/HJALTI AXELSSON

legasti hluturinn sem fólk úr sveitunum hafði með sér og var ein verðmætasta eign þeirra og gegndi líka hlutverki borðs og sætis á löngum ferðalögum eða inni á heimilinu. Koffort eru mörg hver til enn þann dag í dag og það segir mikið um mikilvægi hlutarins, hversu mikið var lagt í gæði við smíði þessara gripa.

The Lazy Butler, er ætlað að vera persónulegt rými á sama hátt og kistillinn var áður. Það má nota bæði sem stól og borð, hægt er að hengja föt á það sem og geyma í því persónulega muni. Ljósastaurinn er mín tenging við þá framþróun sem fylgdi iðnbyltingunni þegar götur borg-



**NÝTT HÚSGAGN** Lati brytinn fékk góðar viðtökur á HönnunarMarsinum og er nú til sölu í versluninni Epal.

**STÓLL OG BORÐ**

„The Lazy Butler er ætlað að vera persónulegt rými á sama hátt og kistillinn var áður. Það má nota bæði sem stól og borð, hægt er að hengja föt á það sem og geyma í því persónulega muni. Ljósastaurinn er mín tenging við þá framþróun sem fylgdi iðnbyltingunni.“

anna urðu upplýstar sem og tenging við heimkomuna að kveikja ljós og hengja af sér. Bakkinn í húsgagninu er ætlaður fyrir það sem við erum með í vösunum til dæmis símann, peningaveskið og smáaura. Stærri hólfíð gæti til dæmis geymt höfuðföt og hanska.“

Hjalti hefur verið búsettur í borginni Vín í Austurríki með nokkrum hléum síðustu fimm ár. Þar hefur hann fengið við grafísk verk fyrir bókkagerð en skráði sig nýlega sem sjálfstæðan hönnuð og vinnur að eigin verkefnum.

„Undanfarið hef ég verið að vinna að stól og sé fyrir mér að kynna hann heima á Íslandi þegar hann verður tilbúinn. Annars er þetta frekar mikið bóhemlíf hér úti, hönnuðir eru leppandi kaffi á kaffihúsum og hafa lítið að gera, það er offramboð á hönnuðum en mörg framleiðslufyrirtæki í Evrópu eru hætt. Það þarf að vera svoltið þrjóskur til að standa í þessu, skapa sér sín eigin tækifæri, rétt eins og á Íslandi.“

■ heida@365.is

**SMÁRÉTTA HOT PLATE**  
**DJÚSÍ OG HOLLT**  
1.690KR

**Culiacan**  
MEXICAN GRILL

**FRÉTTABLAÐIÐ**

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI\*

**HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU**

Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.\*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Hafðu fjölpóstinn þinn inni í Fréttablaðinu.

Það er áhrifarík leið til að koma skilaboðum um vöru eða þjónustu beint inn á heimilin.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448

eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is

**FRÉTTABLAÐIÐ**

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

\*Prentmiðlökunum Capacent október-desember 2012 - höfuðborgarsvæði 25-54 ára

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vöru og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson**  
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir**, bryndis@365.is, s. 512 5434  
**Jón Ívar Vilhelmsson**, jonivar@365.is, s. 512 5429  
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**



# PÁSKAR

MÁNUDAGUR 30. MARS 2015

Kynningarblað

## Dekkað upp með gulu | Árlegt og ókeypis

Nú er tími til að klæða heimilið í sólgulan búning og undirbúa komu vorsins.

SÍÐA 2

Hátíðin Aldrei fór ég suður á Ísafirði hefur verið haldin árlega frá 2004. Í ár verður hún með breyttu sniði.

SÍÐA 4

## Þriggja rétta veisla

Grafíð hreindýr, lax með hnetukurli og og hunangs- og möndluís í páskaveisluna.

SÍÐA 6





Páskaliljurnar standa alltaf fyrir sínu.



Dekkið upp með gulum diskum og hellið gulu í glös.

# Gerum klárt fyrir páskana

Sólargulur er sá litur sem okkur er farið að lengja hvað mest eftir enda veturinn orðinn heldur langur í annan endann. Gulur er líka litur páskanna og því akkúrat rétti tíminn til að skreyta heimilið hátt og lágt með gulu.



Vel má gera páskalegt inni á baði með fylgihlutum í gulum lit.



Blásið úr nokkrum eggjum, málið í og hengið upp í blómstrandi páskagreinar.



Yngstu fjölskyldumeðlimirnir hafa gaman af því að baka og skreyta páskakanínukökur.



Oft þarf ekki mikið til að gera heimilið páskalegt. Gulur uppþvottalögur og gult leirtau og af hverju ekki gula uppþvottagrind líka?


Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 Umsjónarmaðurinn auglýsinga: Atli Bergmann, s. 512-5457, atli.bergmann@365.is Ábyrgðarmaður: Svanur Valgeirsson.

## OptiBac probiotics

Gegn sveppasýkingu, bakteríusýkingu  
og þvagfærasýkingu

@OptiBac

www.facebook.com/optibacieland



”Ég mæli með því að konur  
velji náttúrulegu leiðina  
gegn þrálátum sýkingum  
og sem forvörn“

Valbjörg Þórðardóttir  
hjúkrunarfræðingur



Fæst í apótekum og heilsubúðum





**Komdu  
norður!**



## **Páskævintýri á Akureyri**

### **Komdu á skíði!**

Opið alla páskana í Hlíðarfjalli. Skíðaskóli og skíðaleiga. Hreinræktað skíðævintýri. Kíktu á [www.hlidarfjall.is](http://www.hlidarfjall.is)

### **Komdu í leikhús!**

Lísa í Undralandi í Samkomuhúsinu hjá Leikfélagi Akureyrar. Fiðlarinn á þakinu í Freyvangsleikhúsinu.

### **Komdu á tónleika!**

Menningarhúsið Hof: Jesus Christ Superstar, Óskar Pétursson og gestir, stórtónleikar Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands. Græni hatturinn: Mammút, Helgi Björns og Reiðmenn vindanna, Amabadama, Pétur Jóhann og Killer Queen. Hótel KEA: Stebbi og Eyfi.

### **Komdu á safni!**

Listasafnið á Akureyri, Minjasafnið, Leikfangasýningin í Friðbjarnarhúsi, Flugsafnið, Mótorhjólasafnið og Iðnaðarsafnið verða opin yfir páskana.

**Bærinn iðar af lífi um páskana:** Myndlístarsýningar, úrval veitingahúsa, fjöldi kaffihúsa, kvikmyndahús, keilusalur, Skautahöllin, fjölbreyttar verslanir, vatnaparadísin í Sundlaug Akureyrar, góða veðrið og góða skapið í sannkölluðu Páskævintýri á Akureyri. **Komdu norður!**

Allt um viðburði í bænum á [www.visitakureyri.is](http://www.visitakureyri.is)



# Allir skemmta sér vel saman

Það er jafnan mikið fjör um þáskana á Ísafirði en þá fer meðal annars fram tónlistarhátíðin Aldrei fór ég suður. Hátíðin hefur verið haldin árlega frá 2004 og hana sækir fólk á öllum aldri. Ókeypiss er inn og mjög fjölbreyttur hópur listamanna stígur jafnan á svið.

Tónlistarhátíðin Aldrei fór ég suður er órjúfanlegur hluti þáskahátíðarinnar á Ísafirði og í nágrenni. Hátíðin hefur verið haldin á hverju ári síðan 2004 og hefur alltaf verið ókeypis inn á hana auk þess sem öll vinna kringum hana er unnin í sjálfböðavinnu. Stemningin er fyrir vikið sérstök og skemmtileg enda allir að skemmta sér á jafningjagrundvelli, hvort sem það eru listamennirnir sjálfir, heimamenn eða gestir segir Birna Jónasdóttir, rokkstjóri hátíðarinnar. „Hér skemmta sér allir saman enda er Aldrei fór ég suður hátíð fólksins. Þar sem ekkert kostar inn fer fólk og kemur þegar því hentar andrúmsloftið er rólegt og heimilislegt. Ef ekki væri fyrir óbilandi kraft sjálfböðaliða, dyggan stuðning styrktaraðila og vilja tónlistarfólks þá væri hátíðin ekki söm.“

Flestar vinsælustu hljóm-sveitir og listamenn þjóðarinnar hafa komið fram á hátíðinni undanfarin ár, meðal annars Páll Óskar, Retro Stefson, Hjaltalín, Hjálmar, Kaleo, Bubbi Morthens, Nýdönsk auk heimamannsins Mugisons. Auk vinsælla listamanna hefur fjöldi ungra og efnilegra sveita komið



Birna Jónasdóttir er rokkstjóri tónlistarhátíðarinnar Aldrei fór ég suður.

MYND/HELGA LIND MAR

þar fram í bland við listamenn frá Vestfjörðum og þar kennir sannarlega ýmissa grasa.

Tónlistarmaðurinn Mugison og faðir hans, Papamug, eru upphafsmenn hátíðarinnar en hugmynd kviknaði yfir björglössum í útlöndum sumarið 2003. Næstu páska var fyrsta hátíðin haldin og síðan hefur hún ekki stoppað. „Það er góð blanda af heimamönnum, brottfluttum Vestfirðingum og fólki sem á engar ættir að rekja hingað vestur sem sækir hátíðina. Fjölbreytt tónlistartriði verða til þess að fólk á öllum aldri sækir hana, amma og barnabarn standa hlið við hlið, dilla sér og njóta tónlistarinnar.“

Eftir að hafa starfað svo lengi að skipulagi hátíðarinnar eru margar

góðar minningar sem standa upp úr að sögn Birnu. „Oft eru það atriðin sem maður þekkir lítið til sem grípa mann algjörlega eða stjörnur frá æsku sem koma og rifja upp fyrir manni hvers vegna þær voru töff og eru það enn. Það sem situr kannski einna mest eftir í minningunni er að sitja um há-nótt á gólfinu í stofunni minni í Japan og fylgjast með hátíðinni í gegnum tölvuna árið 2005. Ég hef sjaldan fengið jafn mikla heimþrá!“

Hátíðin í ár verður með breyttu sniði en nú hefst hún á fimmtudegi og teygir sig fram á sunnudag. „Upphitunartónleikar verða víðsvegar um bæinn á fimmtudegi en hátíðin sjálf er sett á föstudaginn með tónleikum í kirkjunni ásamt fleiri viðburðum. Á laugardegnum er sem dæmi heimkomuhátíð, súpútónleikar og að sjálfsgöðu skemmutónleikarnir okkar. Hátíðinni lýkur svo á sunnudaginn með fjölbreyttum tónleikum. Í heildina leitumst við eftir þéttari hátíð með meiri rólegheitum baksviðs, auknum samfélagskrafti og meira lífi í bænum. Með þessum breytingum vonumst við til þess að enn fleiri finni eitthvað sem kitlar áhuga-svið þeirra og dregur fólk út að hlusta á góða tónlist.“



Nýdönsk spilaði við góðar undirtektir árið 2011.

MYND/ALDREI FÓR ÉG SUÐUR



Diskókingurinn Páll Óskar heldur uppi frábærra stemningu hvert sem hann fer.



Stemningin er alltaf frábær á hátíðinni og aðsóknin er góð.

## VOR TILBOÐ!

AF VÖLDUM VÖRUM Í CURVY \* STÆRÐIR 42-56



TILBOÐSVERÐ  
4.990 KR



TILBOÐSVERÐ  
5.990 KR



TILBOÐSVERÐ  
4.990 KR



TILBOÐSVERÐ  
4.990 KR



TILBOÐSVERÐ  
3.990 KR



TILBOÐSVERÐ  
2.990 KR



TILBOÐSVERÐ  
2.990 KR



TILBOÐSVERÐ  
3.990 KR

Curvy is

Fákafeni 9, 108 RVK | Sími 581-1552 | www.curvy.is

## Grískt þáskabrauð

Tsoureki er klassískt brauð sem Grikkir baka á þáskum. Eggin sem sett eru ofan á brauðið eruð iðulega rauð í Grikklandi en auðvitað má leika sér með það. Oft er notað krydd sem heitir Mahlab en erfitt getur reynt að nálgast það á Íslandi. Hér er því uppskrift af Foodnetwork að Tsoureki þar sem kryddinu er sleppt.

½ bolli volgt vatn  
2 ¼ tsk. þurrger  
5 ½ bolli hveiti  
½ bolli sykurl  
1 ½ bolli mjólk  
5 msk. ósaltað smjör  
1 tsk. fint salt  
2 stór egg léttþeytt (og aukaegg til að pensla brauðið)  
2 tsk. möluð fennelfræ  
¼ tsk. möndludropar  
3 harðsoðin egg (lituð) jurtaolia



Blandið gerinu saman við vatnið í hrærivélarskál. Þeytið létt saman við 1 msk. af hveitinu og 1 msk. af sykri. Hyljið með viskustykki og látið bíða í fimm til tíu mínútur þar til blandan freyðir.

Hitið mjólkina í potti yfir lágum hita í um sex mínútur, takið af hellunni og hrærið smjör, afganginn af sykrunum og saltið saman við. Látið kólna í fimm mínútur.

Blandið mjólkurböndunni saman við gerblönduna. Hrærið saman við tvö þeytt egg og bætið smám saman við hveiti, fennel og möndludropum. Aukið hraðann á hrærivélinni þar til deigið verður að blautum bolta.

Setjið deigið á hveitistráðan flöt. Hnoðið og bætið við hveiti eftir þörfum.

Smyrjið skál og setjið deigið ofan í. Hyljið og látið hefast í einn og hálfan tíma á hlýjum stað. Sláði deigið niður og látið hefast á ný í um klukkutíma.

Skiptið nú deiginu í þrennt. Rúllið hverjum hlut varlega í 40 cm langa lengju. Setjið á bökunarplötu og flétti lengjurnar saman og látið þær mynda hring.

Lituðu harðsoðnu eggina skal nudda með olíu og þurrka með eldhúspappír. Þrýstið þeim ofan í deigið með jöfnu millibili. Hyljið og látið hefast í klukkustund.

Hitið ofninn í 180 gráður, penslið brauðið með eggi og bakið þar til brauðið er gullinbrúnt eða í um 45 mínútur. Látið kólna í hálf tíma áður en skorið er í það.

Lituðu eggina aðeins til skrauts en ekki átu.



MÁNUDAGUR 30. MARS 2015

# PÁSKAKRIMMI

Kynningarblað



## Vaxandi krimmahefð

Páskakrimmahefðin á rætur að rekja til Noregs en hefur verið að ryðja sér til rúms annars staðar á Norðurlöndum líka.

SÍÐA 2

## Krimum hefur fjölgað

Áður en norræna glæpasagnabylgjan reis var úrval krimma á íslenskum bókasöfnum lítið. Það hefur mikið breyst.

SÍÐA 6





## Skrifað undir dulnefni

Eins og margir vita hefur J.K. Rowling, höfundur Harry Potter-bókanna, skrifað bækur undir dulnefni Robert Galbraith. Þegar upp komst um höfundinn spurðu margir sig hvers vegna hún skrifaði undir dulnefni og sköpuðust miklar umræður um það í bókmenntaheiminum af hverju rithöfundar noti yfirhöfuð dulnöfn.

Rowling er langt í frá sú eina sem notað hefur dulnefni en til dæmis hafa þau Stephen King (dulnefni: Richard Bachman), Eric Arthur Blair (dulnefni: George Orwell), Agatha Christie (dulnefni: Mary Westmacott) og C.S. Lewis (dulnefni: N.W. Clerk) öll notað önnur nöfn en sín eigin á einhverjar bóka sinna. Nokkrar ástæður geta verið fyrir því að höfundar kjósa að gera þetta. Sumir nota önnur nöfn þegar þeir gefa út bækur af annarri tegund en þeir eru þekktir fyrir. Þannig halda þeir mögulegum lesendahópi og aðdáendum sínum aðskildum. Önnur ástæða er þegar höfundar skrifa fyrir annan lesendahóp en þeir gera venjulega. Einnig gætu þeir gert það til þess að losna við ákveðna pressu eins og ástæðan var í tilfelli Rowling.



J. K. Rowling er ein þeirra sem notað hefur dulnefni til að gefa út bækur sínar. NORDIC PHOTO/GETTY



Það er tilvalið að nota páskafrið til að sökkva sér ofan í spennandi krimma. NORDICPHOTOS/GETTY

# Vaxandi hefð fyrir páskakrimmum

Páskakrimmar eiga sér langa sögu í Noregi en hafa verið að ryðja sér til rúms annars staðar á Norðurlöndum hin síðustu ár. Í Noregi er hefðin rakin aftur til ársins 1923 en þar í landi eru glæpasögur meira að segja prentaðar á mjólkurfernur um þetta leyti árs. Eins eru birtar glæpasmásögur í dagblöðum.

**P**áskakrimmahefðin er rakin til Noregs en hún hefur þó verið að búa um sig annars staðar á Norðurlöndum líka. Í Noregi er hún rakin aftur til páskanna árið 1923 en þá kom glæpasagan Bergenstoget plyndret í natt eftir þá Nordahl Grieg og Nils Lie út. Hún fjallaði um lest sem var rænt á Bergsbanan. Ránið átti sér stað um páska. Bókaforlagið Gyldendal auglýsti bókina með áberandi hætti á páskadag og varð hún fljótt metsölubók. Eftir það hefur Norðmönnum þótt tilheyrja að lesa glæpasögur um páska.

Rithöfundar og bókaútgefendur í Noregi hafa lagst á eitt og kemur fjöldinn allur af glæpa-

sögum út fyrir páska. Hin síðari ár hafa bókaútgefendur víðar á Norðurlöndum tekið hefðina upp og hefur sala glæpasagna í kringum páska aukist jafnt og þétt. Það þykir enda tilvalið að hvetja til lestrar um páskana enda eru þeir alla jafna róleg hátíð. Frið er nokkuð langt og margir fara í sumarbústað. Tími til lestrar er því jafnan meiri en aðra daga.

Margir tengja páskareyfarahéðina líka við krossfestingu Krists á föstudaginn langa en sá atburður var auðvitað blóðugt drama. Í Noregi eru menn þó ekki á eitt sáttir um hvort hefðin tengist því.

Hvað sem því líður er hefðin þar í landi rótgróin og hefur verið út-

færð enn frekar. Þar er til dæmis boðið upp á ríkulegt úrval sakamálaþátta og glæpamynda á fjölmörgum sjónvarpsstöðvum alla páskana. Þá birta dagblöðin glæpasmásögur þar sem lesendur eiga að giska á hver sé morðinginn. Meira að segja mjólkurframleiðendur prenta glæpasögur á fernurnar svo fólk hafi nú örugglega skuggalegt lesefni með morgunkaffinu.



Bók sem hefur slegið í gegn um allan heim!

Á hverjum morgni bíður **Melanie** í klefanum sínum eftir að komast í tíma. Það skemmtilegasta sem hún veit er að læra um heiminn fyrir utan skólastofuna.

**Melanie** er sérstök stúlka sem býr yfir óvanalegum hæfileikum. Guðirnir voru örlátir daginn sem henni var úthlutað náðargjöfunum.

„Einlæg, vægðarlaus og átakanlega mannleg ... jafnfersk og hún er hræðileg. Perla.“ - **Josh Whedon**  
„Frumleg, æsispennandi og mögnuð.“ - **The Guardian**  
„Meistaraverk“ - **The Sun**


**Björt** BÓKAÚTGÁFA

[www.bjortutgafa.is](http://www.bjortutgafa.is)





# ÞESSAR KALLA EKKI ALLT ÖMMU SÍNA



Steinþór Guðbjartsson / Morgunblaðið

„Rauk beint í fyrsta sæti á metsölulistum – ég er ekki hissa á því ... Snillingur á sínu sviði.“

Kolbrún Bergþórsdóttir / Kiljan

„Drulluspennandi ... rænir þig svefni.“

Egill Helgason / Kiljan

„Talandi um spennu, ég tók síðustu 2–300 blaðsíðurnar í einum rykk.“

Sigurður Valgeirsson / Kiljan

„Þetta er frábær bók, eins og við mátti búast ... hrikalega spennandi og óvænt.“

Guðríður Haraldsdóttir / Vikan



„... þetta er slungin saga þar sem höfundur fléttar atburðarásinni vel saman við einkalíf persóna.“

Steinþór Guðbjartsson / Morgunblaðið

„Alveg súper glæpasaga! Alveg dúndur.“

Egill Helgason / Kiljan

„Alls ekki byrja að lesa þessa bók ef þú átt að mæta í vinnuna daginn eftir. Það er ekki hægt að loka henni.“

Friðrika Benónýsdóttir / Kiljan

„Svona á að gera þetta! ... miklar og óvæntar vendingar nokkrum sinnum ...“

Þorgeir Tryggvason / Kiljan



# Góðir krimmar í páskafríinu

Páskarnir eru frábær tími til að líta í góðan krimma enda flestir landsmenn í nokkurra daga frí og eiga góðan tíma aflögu fyrir lestur bóka. Fréttablaðið spurði fjóra einstaklinga hvaða krimma þeir væru til í að lesa í páskafríinu og voru svörin af ólíkum toga.



## Oddný G. Harðardóttir þingkona

„Ég hef því miður ekki haft mikinn tíma til að sökkva mér í góðan krimma nýlega en ég hef alltaf verið frekar höll undir norrænu krimmahefðina. Ég er hrifin af sænskum krimmum, fyrst Sjöwall og Wahlöo og svo Henning Mankell, Camilla Läckberg og Lisu Marklund. Arnaldur okkar Indriðason er einnig góður og ég á eftir að lesa Kamp Knox eftir hann sem ég fékk um jólin. Þótt Náðarstund eftir Hönnu Kent sé ekki dæmigerður krimmi þá myndi ég vilja taka hana með um páskana. Sagan af Agnesi hefur alltaf heillað mig. Svo væri ég til í að lesa Dansað við björninn eftir Roslund og Thunberg, aðallega vegna þess að ég heyrði viðtal við höfundana í Kiljunni og bókina virðist áhugaverð og ógnvekjandi. Ætli fjórða bókina yrði ekki eitthvað eftir Ian Rankin. Maðurinn minn er mikill Skotlandsvinur og talar stundum eins og hann þekki Rebus lögreglumann persónulega. Ég reyni að gera honum til geðs og kynnast þeim sem honum líkar við.“



## Egill Helgason fjölmiðlamaður

„Áhugi minn á spennusögum er mjög þröngur og nánast eingöngu bundinn við sögur sem fjalla um njósnir og launráð á tímum nasista og kommúnista í Evrópu. Það er til nokkur hópur höfunda sem skrifar um þennan heim, þeirra frægastur er John Le Carré, en ég nefni líka höfunda eins og Alan Furst og Philip Kerr. Ég er einmitt að bíða eftir nýjustu bók Kerrs sem nefnist The Lady from Zagreb. Hún er í flokki bóka sem hann skrifar um Bernie Gunther, þýskan lögreglumann, sem er fyrst kynntur til sögunnar á tíma Weimarlyðveldisins en fer víða í heimsstyrjöldinni og á tíma kalda stríðsins. Spennubækur sem gerast í Rússlandi, helst í Sovétríkjunum, les ég líka, eins og bækur Martins Cruz Smith um lögreglumanninn Arkady Renko. William Ryan er annar sem skrifar um þennan tíma og er ansi góður. Ekki má gleyma bókum Boris Akunins um Erast Fandorin, rússneskan leyniþjónustumann á tíma keisaranna sem líkist James Bond ansi mikið. Við skandinavísku spennusöguna hef ég aldrei náð að tengja, nema við frumkvöðlana Sjövall og Wahlöo. Þá vil ég frekar hinn franska Simenon, en ein aðferðin sem ég notaði til að læra frönsku var að lesa nær allar bækur hans um Maigret.“



## Guðfinnur Sigurvinsson upplýsinga-fultrúi og teymisstjóri hjá Umhverfisstofnun.

„Ef ég ætti að velja mér krimma til að lesa í páskafríinu þá veldi ég DNA eftir Yrsu Sigurðardóttur. Ég hef heyrt margt lofsamlegt um þá bók og söguþráðurinn á kápu lofar vægast sagt góðu. Annars er ég að lesa Náðarstund eftir Hönnu Kent í framúrskarandi þýðingu Jóns St. Kristjánssonar og ég er alveg límdur við þá bók. Kannski ég klári hana um páskana? Þótt hún sé ekki eiginlegur krimmi þá er þarna auðvitað fjallað um morð og aftöku en undirtóninn er þó frekar harmrænn en drungalegur eins og ein-kennandi er fyrir dæmigerða glæpasögu. Svo er bara að sjá hvað páskafríið gefur. Sennilega fer mestur tími, eins og svo oft áður, í að þeytast á milli staða til að hitta fólk og gera eitthvað markvert til að sýna öðrum á Facebook, maður er jú alltaf að drífa sig í frí.“



## Berglind Guðmundsdóttir, hjúkrunarfræðingur og matarbloggari

„Ég veit fátt betra en að eiga rólegar stundir með góðri bók. Ég hef reyndar ekki lesið mikið af glæpasögum en það eru þó nokkrar í þessum flokki sem virkilega kalla á mig. Þar má nefna nýút-komna bók Sólveigar Pálsdóttur, Flekklaus, en hún er að fá góða dóma enda flottur höfundur hér á ferð. Ég er mjög spennt fyrir Dansað við björninn eftir Roslund og Thunberg sem er byggð á sönnun atburðum. Hér er víst á ferðinni bók sem enginn áhugamaður glæpasagna eða góðra bóka má láta fram hjá sér fara og ég mun klárlega ekki gera það. Ég verð að viðurkenna að ég hef ekki enn lesið bók eftir Jo Nesbo en mig hefur lengi langað til að lesa fyrstu bók hans, Rauðbrysting. Hún er víst nokkuð þung í byrjun þar sem margar sögupersónur eru kynntar til leiks en ef maður kemst í gegnum fyrstu 30 blaðsíðurnar er framhaldið víst alveg magnað.“



ÍVAR GUÐMUNDS  
ER Í LOFTINU

ALLA VIRKA DAGA MILLI KL. 10:00 - 13:00

f BYLGJAN989    t #BYLGJAN





**heimili**  
fasteignasala  
- á traustum grunni



Bogi Pétursson  
lögg. fasteignasali



Finnbogi Hilmarsson  
lögg. fasteignasali



Karen Sævarsdóttir  
MBA markaðsfræði



Stefán Már Stefánsson  
sölufulltrúi



Guðbjörg G. Blöndal  
lögg. fasteignasali



Ásdís Íreña Sigurðardóttir  
skjalagerð



Brynjólfur Snorrason  
sölufulltrúi



Finndu okkur á Facebook

530 6500

Suðurlandsbraut 22 | Opið mán. – fös. frá kl. 9–17 | [www.heimili.is](http://www.heimili.is)

530 6500

Allir þurfa þak yfir höfuðið

**588 4477**

Þú hringir - við komum - það ber árangur!



Bárdur Tryggvason  
Eigandi  
Sölufulltrúi  
896 5221

Ingólfur Geir Gissurarson  
Eigandi  
Framkvæmdastjóri  
Lögg. fasteignasali  
896 5222

Heiðar Friðjónsson  
Sölustjóri  
Löggiltur  
fasteignasali B.Sc.  
693 3356

Vilborg Gunnarsdóttir  
Vöðskiptafræðingur M.Sc.  
Lögg. fasteignasali  
891 8660

Erlendur Davíðsson  
Lögg. fasteignasali  
Forstöðumaður  
útibús Ólafsvík  
897 0199

Margrét Sigurgeirsdóttir  
Skrifstofustjóri  
margret@valholl.is  
588 4477

Heimir Bergmann  
Sölufulltrúi  
630 9000

Pétur Steinar Jóhannsson  
Sölufulltrúi  
Snæfellsnes  
893 4718

Garðar Kjartansson  
Sölufulltrúi  
853 9779

Ellert Róbertsson  
Sölufulltrúi  
Verkfræðingur MBA  
Sölufulltrúi  
893 4477

Þórunn Pálsdóttir  
Lögfræðingur  
Sölufulltrúi  
773 6000

G. Andri Guðlaugsson  
Lögfræðingur  
Sölufulltrúi  
662 2705



**VALHÖLL**  
FASTEIGNASALA



[www.valholl.is](http://www.valholl.is) · [www.nybyggingar.is](http://www.nybyggingar.is)

## Einbýli í Skerjafirði

Híbýli fasteignasala, Kringlunni, sími 585-8800 kynnir: Glæsilegt einbýlishús í gamla stílnum við Einarsnes í Skerjafirði.

Húsið var flutt úr Skuggahverfinu í Reykjavík í Skerjafjörð árið 2002 og hefur mikið verið endurnýjað. Á aðalhæð eru tvær samliggjandi og rúmgóðar stofur, borðstofa, eldhús með hvítri innréttingu, gestasalerni og þvottahús. Á efri hæð er rúmgott hjónaherbergi og tvö svefnherbergi. Snýrtilegt baðherbergi með þakglugga. Geymsluloft er yfir efri hæðinni.

Gengið niður um steiptan stiga utan við hús. Í kjallara eru tvö góð herbergi, eldhús, baðherbergi, þvottahús eða geymsla.

Bílskúrnum hefur verið breytt í herbergi. Þar eru tvö herbergi og baðherbergi.

Eigendur hússins eru með rýmið í kjallaranum og útihúsinu í langtímaleigu á veturna og leigu



